

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/2162

2022/EES/53/21

frá 27. nóvember 2019

um útgáfu sértryggðra skuldabréfa og opinbert eftirlit með sértryggðum skuldabréfum og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB og 2014/59/ESB (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB (3) er kveðið á um mjög almennar kröfur um skipulagsþætti sértryggðra skuldabréfa. Þær kröfur takmarkast við nauðsyn þess að lánastofnun sem er með skráða skrifstofu sína í aðildarríki gefi út sértryggð skuldabréf og að þau falli undir sérstakt opinbert eftirlit og kerfi tvöfalda fullnusturéttar (e. *dual recourse mechanism*). Í innlendum regluramma um sértryggð skuldabréf er fjallað um þau mál á sama tíma og settar eru um þau mun ítarlegri reglur. Í þessum innlenda ramma er einnig að finna aðrar skipulagsreglur, einkum reglur sem varða samsetningu tryggingasafnsins, hæfisviðmiðanir fyrir eignir, möguleika á að steypa saman eignum, gagnsæi og skyldu um upplýsingagjöf og reglur um að draga úr lausafjáráhættu. Aðferðir aðildarríkjanna við reglusetningu eru einnig efnislega frábrugðnar. Í nokkrum aðildarríkjanna er ekki að finna sérstakan innlenda ramma um sértryggð skuldabréf. Þar af leiðandi hafa kerfislægir lykilkættir, sem sértryggð skuldabréf sem gefin eru út í Sambandinu verða að uppfylla, ekki enn verið settir fram í lögum Sambandsins.
- 2) Í 129. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (4) bætast frekari skilyrði við þau sem um getur í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB fyrir að fá ívilnandi meðferð að því er varðar eiginfjárkröfur sem gera lánastofnunum sem fjárfesta í sértryggðum skuldabréfum kleift að eiga minna eigið fé en þegar fjárfest er í öðrum eignum. Þótt þessar viðbótarkröfur auki samræmingu sértryggðra skuldabréfa í Sambandinu þjóna þær þeim sérstaka tilgangi að skilgreina skilyrðin sem verður að fullnægja til að fjárfestar í sértryggðum skuldabréfum fái slíka ívilnandi meðferð og gilda ekki utan ramma reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
- 3) Aðrar réttargerðir Sambandsins, svo sem framseldar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 (5) og (ESB) 2015/61 (6) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB (7), vísa einnig til skilgreiningarinnar sem er sett fram í tilskipun 2009/65/EB sem tilvísunar til að auðkenna þau sértryggðu skuldabréf sem njóta góðs af ívilnandi meðferðinni fyrir sértryggð skuldabréf samkvæmt þeim gerðum. Orðalag þessara gerða er hins vegar frábrugðið eftir því hvert markmið þeirra og umfjöllunarefni er og þar af leiðandi er hugtakið „sértryggt skuldabréf“ ekki notað með samræmdum hætti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 328, 18.12.2019, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 45, 7.7.2022, bls. 49.

(1) Stjútíð. ESB C 367, 10.10.2018, bls. 56.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 18. apríl 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindinum) og ákvörðun ráðsins frá 8. nóvember 2019.

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnisýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjútíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæriskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjútíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

(5) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldpólsáætlun II) (Stjútíð. ESB L 12, 17.1.2015, bls. 1).

(6) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/61 frá 10. október 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar lausafjárþekjukröfu fyrir lánastofnanir (Stjútíð ESB L 11, 17.1.2015, bls. 1).

(7) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE, og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjútíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).

- 4) Þegar á heildina er lítið má líta svo á að meðferð á sértrygðum skuldabréfum sé samræmd hvað varðar skilyrðin fyrir að fjárfesta í sértrygðum skuldabréfum. Hins vegar er skortur á samræmingu innan Sambandsins þegar kemur að skilyrðunum fyrir útgáfu sértrygðra skuldabréfa og það hefur nokkrar afleiðingar í för með sér. Í fyrsta lagi er sama ívilnandi meðferð veitt gerningum sem hafa ólíka eiginleika, svo og ólíkt stig áhættu og fjárfestaverndar. Í öðru lagi gæti munurinn milli innlendra regluramma eða skortur á slíkum ramma og skortur á sameiginlegri skilgreiningu á hugtakinu „sértryggt skuldabréf“ skapað hindranir í þróun á raunverulega samþættum innri markaði fyrir sértrygð skuldabréf. Í þriðja lagi gæti munurinn á verndarráðstöfunum sem landsbundnar reglur veita stofnað fjármálastöðugleika í hættu þar sem unnt er að kaupa sértryggt skuldabréf með mismunandi mikla fjárfestavernd alls staðar í Sambandinu og njóta góðs af ívilnandi meðferð samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og öðrum lagagerðum Sambandsins.
- 5) Því ætti samræming tiltekinna þátta innlendra regluramma á grundvelli tiltekinna bestu starfsvenja að tryggja snurð-ulausa og samfellda þróun vel starfhæfra markaða fyrir sértrygð skuldabréf í Sambandinu og takmarka hugsanlega áhættu og veikleika í tengslum við fjármálastöðugleika. Slík samræming á grundvelli meginreglna ætti að gera kleift að mynda sameiginlegan grundvöll fyrir útgáfu allra sértrygðra skuldabréfa í Sambandinu. Samræming útheimtir að öll aðildarríkin setji regluramma um sértryggt skuldabréf sem ætti einnig að greiða fyrir þróun markaða fyrir sértryggt skuldabréf í þeim aðildarríkjum þar sem enginn slíkur er fyrir hendi. Slíkur markaður myndi veita lánastofnunum tryggja fjármögnunarleið og þær myndu, á grundvelli þessa, verða betur í stakk búnar til að veita neytendum og fyrirtækjum veðlán á viðráðanlegum kjörum og myndu veita fjárfestum aðgang að annars konar öruggum fjárfestingum.
- 6) Evrópska kerfisáhætturáðið bauð, í tilmælum sínum frá 20. desember 2012 um fjármögnun lánastofnana ⁽⁸⁾, lögbærum landsyfirvöldum og Evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) (EBA), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ⁽⁹⁾, að skilgreina bestu starfsvenjur að því er varðar sértryggt skuldabréf og að hvetja til samræmingar innlendra regluramma. Það mælti einnig með því að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin samræmdi aðgerðir sem lögbær landsyfirvöld hafa gripið til, einkum í tengslum við gæði og aðgreiningu tryggingasafna, gjaldþrotsvernd (e. *bankruptcy remoteness*) sértrygðra skuldabréfa, áhættu eigna og skuldbindinga sem hefur áhrif á tryggingasöfn og upplýsingagjöf um samsetningu tryggingasafna. Í tilmælunum er enn frekar hvatt til þess að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin fylgist með starfsemi markaðarins fyrir sértryggt skuldabréf með vísan til bestu starfsvenja, sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur skilgreint, í tvö ár, til að meta þörfina fyrir lagasetningu og gefa Evrópska kerfisáhætturáðinu og framkvæmdastjórninni skýrslu þar um.
- 7) Framkvæmdastjórnin óskaði, í desember 2013, eftir ráðgjöf frá Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni í samræmi við 1. mgr. 503. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
- 8) Í skýrslu sem fylgdi með álitni Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar frá 1. júlí 2014 þar sem hún svaraði bæði tilmælum Evrópska kerfisáhætturáðsins frá 20. desember 2012 og beiðni framkvæmdastjórnarinnar um ráðgjöf frá desember 2013, mælti stofnunin með aukinni samleitni í innlendum laga-, reglu- og eftirlitsramma um sértryggt skuldabréf í því skyni að styðja enn frekar sambærilega ívilnandi meðferð á sértrygðum skuldabréfum í tengslum við áhættuvog í Sambandinu.
- 9) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin vakti starfsemi markaðarins fyrir sértryggt skuldabréf í tvö ár, eins og Evrópska kerfisáhætturáðið sá fyrir sér, með vísan til bestu starfsvenja sem voru settar fram í þeim tilmælum. Á grundvelli þeirrar vöktunar sendi Evrópska bankaeftirlitsstofnunin frá sér annað álit og skýrslu um sértryggt skuldabréf til Evrópska kerfisáhætturáðsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar hinn 20. desember 2016. ⁽¹⁰⁾ Niðurstaða skýrslunnar var sú að frekari samræmingar væri þörf til að tryggja meiri samkvæmni með tilliti til skilgreininga og stjórnsýslulegrar meðferðar á sértrygðum skuldabréfum í Sambandinu. Í skýrslunni var enn fremur komist að þeirri niðurstöðu að samræming ætti að byggjast á fyrirliggjandi, snurðulausri starfsemi vel starfhæfra markaða í sumum aðildarríkjum.

⁽⁸⁾ Tilmæli Evrópska kerfisáhætturáðsins frá 20. desember 2012 um fjármögnun lánastofnana (ESRB/2012/2) (Stjtið. ESB C 119, 25.4.2013, bls. 1).

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

⁽¹⁰⁾ Skýrsla Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um sértryggt skuldabréf — Tilmæli um samræmingu regluramma um sértryggt skuldabréf í ESB (2016), EBA-Op-2016-23.

- 10) Venju samkvæmt eru það lánastofnanir sem gefa út sértryggt skuldabréf. Markmiðið með sértryggtum skuldabréfum er að fjármagna lán og ein meginstoð í starfsemi lánastofnana er að veita lán í miklum mæli. Þar af leiðandi er gerð krafa um að það séu lánastofnanir sem gefi út sértryggt skuldabréf til að þau geti notið góðs af ívilnandi meðferð samkvæmt lögum Sambandsins.
- 11) Með því að takmarka útgáfu sértryggðra skuldabréfa við lánastofnanir er tryggt að útgefandinn búi yfir nauðsynlegri þekkingu til að stjórna lánsáhættunni sem tengist lánunum í tryggingasafninu. Enn fremur tryggir það að útgefandinn lúti eiginfjárkröfum sem vernda fjárfesta samkvæmt kerfi tvöfalds fullnusturéttar sem veitir fjárfestinum og mótaðila afleiðusamnings kröfu á hendur bæði útgefanda sértryggðs skuldabréfs og eignum í tryggingasafni. Með því að takmarka útgáfu sértryggðra skuldabréfa við lánastofnanir er þannig tryggt að sértryggt skuldabréf verði áfram öruggt og skilvirkt fjármögnunartæki og stuðli þar með að fjárfestavernd og fjármálastöðugleika, sem eru mikilvæg opinber stefnumið í þágu almannahagsmuna. Það er einnig í samræmi við nálgun vel starfhæfra landsbundinna markaða þar sem aðeins lánastofnanir hafa leyfi til að gefa út sértryggt skuldabréf.
- 12) Því er rétt að aðeins lánastofnanir, eins og þær eru skilgreindar í 1. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, fái leyfi til að gefa út sértryggt skuldabréf samkvæmt lögum Sambandsins. Sérhæfðar veðlánastofnanir einkennast af því að þær taka ekki við innlánum en taka frekar við öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og sem slíkar falla þær undir skilgreiningu á „lánastofnun“ eins og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Sérhæfðar veðlánastofnanir, með fyrirvara um viðbótarstarfsemi sem er heimilud samkvæmt gildandi landslögum, eru stofnanir sem veita aðeins fasteignaveðlán og lán til hins opinbera, þ.m.t. fjármagna lán sem eru keypt hjá öðrum lánastofnunum. Megintilgangurinn með þessari tilskipun er að setja reglur um hvaða skilyrði eru fyrir því að lánastofnanir geti gefið út sértryggt skuldabréf sem fjármögnunartæki, með því að mæla fyrir um kröfur til afurða og koma á fót sérstöku afurðaeftirliti sem lánastofnanir heyra undir, til að tryggja öfluga fjárfestavernd.
- 13) Kerfi tvöfalds fullnusturéttar er mikilvægt hugtak og þáttur í innlendum regluramma margra landa sem þegar er fyrir hendi um sértryggt skuldabréf. Það er einnig lykilþáttur sértryggðra skuldabréfa eins og um getur í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB. Því er nauðsynlegt að gera nákvæma grein fyrir því hugtaki til að tryggja að fjárfestar og mótaðilar í afleiðusamningum í öllu Sambandinu eigi kröfu á hendur bæði útgefanda sértryggðra skuldabréfa og eignum í tryggingasafni samkvæmt samræmdum skilyrðum.
- 14) Gjaldþrotsvernd ætti einnig að vera mikilvægur þáttur sértryggðra skuldabréfa til að tryggja að fjárfestar í sértryggtum skuldabréfum fái endurgreitt á gjalddaga skuldabréfsins. Sjálfkrafa gjaldfelling endurgreiðslu við ógjaldfærni eða skilameðferð útgefandans getur raskað forgangsröðun fjárfesta í sértryggtum skuldabréfum. Því er mikilvægt að tryggja að fjárfestar í sértryggtum skuldabréfum fái endurgreitt í samræmi við umsamda áætlun, jafnvel þegar um er að ræða ógjaldfærni eða skilameðferð. Gjaldþrotsvernd tengist kerfi tvöfalds fullnusturéttar beint í samræmi við það og ætti því einnig að vera lykilþáttur í reglurammanum um sértryggt skuldabréf.
- 15) Annar lykilþáttur fyrirliggjandi innlendra regluramma um sértryggt skuldabréf er krafan um að eignir í tryggingasafni séu af mjög miklum gæðum til að tryggja traustleika tryggingasafnsins. Eignir í tryggingasafni einkennast af tilteknum þáttum sem tengjast kröfum um greiðslu og veðeignum (e. *collateral assets*) sem tryggja slíkar eignir í tryggingasafni. Því er rétt að skilgreina almenna gæðapætti eigna sem eru hæfar til að vera í tryggingasafni.
- 16) Eignir sem eru skráðar í 1. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ættu að vera hæfar eignir í tryggingasafni innan regluramma um sértryggt skuldabréf. Eignir í tryggingasafni sem uppfylla ekki lengur kröfurnar sem eru settar fram í 1. mgr. 129. gr. þeirrar reglugerðar ættu áfram að vera hæfar eignir í tryggingasafni skv. b-lið 1. mgr. 6. gr. þessarar tilskipunar, að því tilskildu að þær uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun. Aðrar eignir í tryggingasafni af álíka miklum gæðum geta einnig verið hæfar samkvæmt þessari tilskipun, að því tilskildu að slíkar eignir í tryggingasafni uppfylli kröfur þessarar tilskipunar, þ.m.t. kröfur í tengslum við veðeignir sem tryggja kröfu um greiðslu. Eignarhald ætti, að því er varðar áþreifanlegar veðeignir, að vera skráð í opinbera skrá til að tryggja fullnustuhæfi. Ef engin opinber skrá er fyrir hendi ættu aðildarríkin að geta kveðið á um annars konar form vottunar á eignarhaldi og kröfum sem er sambærileg því sem opinber skráning áþreifanlegrar kvaðabundinnar eignar veitir. Ef aðildarríkin nýta sér annars konar vottun ættu þau einnig að kveða á um verklagsreglur sem gera kleift að gera breytingar á skráningu eignarhalds og krafna. Áhættuskuldbindingar vegna lánastofnana ættu að vera hæfar eignir í tryggingasafni skv. a- eða b-lið 1. mgr. 6. gr. þessarar

tilskipunar, eftir því hvort þær uppfylla kröfurnar í 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Áhættuskuldbindingar vegna váttryggingarfélaga ættu einnig að vera hæfar eignir í tryggingasafni skv. b-lið 1. mgr. 6. gr. þessarar tilskipunar. Lán til opinberra fyrirtækja eða lán sem opinber fyrirtæki ábyrgjast, eins og skilgreind eru í b-lið 2. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/111/EB⁽¹⁾, geta verið hæfar eignir í tryggingasafni, að því tilskildu að opinberu fyrirtækin veiti mikilvæga almannaþjónustu til að halda uppi mikilvægri samfélagslegri starfsemi.

Að auki ættu slík opinber fyrirtæki að veita þjónustu sína samkvæmt heimild eða starfsleyfi frá opinberu yfirvaldi, falla undir opinbert eftirlit og búa yfir nægjanlegri getu til tekjuöflunar til að tryggja gjaldfærni sína. Ef aðildarríkin ákveða að leyfa eignir í formi lána til opinberra fyrirtækja eða sem opinber fyrirtæki ábyrgjast í innlendum regluramma sínum, ættu þau að taka tilhlýðilegt tillit til hugsanlegra áhrifa þess á samkeppni að leyfa slíkar eignir. Lánastofnanir og váttryggingafyrirtæki ættu, óháð eignarhaldi, ekki að teljast til opinberra fyrirtækja. Enn fremur ætti aðildarríkjunum að vera frjálst að kveða á um í innlendum regluramma sínum að tilteknar eignir séu útilokaðar frá hæfi til að vera með í tryggingasafninu. Aðildarríkin ættu einnig, til að gera fjárfestum í sértrygðum skuldabréfum kleift að meta betur áhættuna af áætlun um sértrygð skuldabréf, að kveða á um reglur um áhættudreifingu í tengslum við sundurgreinanleika og verulega samþjöppun, um fjölda lána eða áhættuskuldbindinga í tryggingasafninu og um fjölda gagnaðila. Aðildarríkin ættu að geta ákveðið viðeigandi stig sundurgreinanleika og verulegrar samþjöppunar sem krafa er gerð um í landslögum þeirra.

- 17) Sértrygð skuldabréf búa yfir kerfislægum þáttum sem miða að því að vernda ávallt fjárfesta. Meðal þessara þátta er krafan um að fjárfestar í sértrygðum skuldabréfum eigi ekki aðeins kröfu á hendur útgefanda heldur einnig gagnvart eignum í tryggingasafninu. Þessar skipulagslegu, afurðatengdu kröfur eru frábrugðnar varfærniskröfunum sem gilda um lánastofnun sem gefur út sértrygð skuldabréf. Þær fyrirnefndu ættu ekki að einblína á að tryggja heilbrigða varfærni útgáfustofnunarinnar, heldur ættu þær að miða að því að vernda fjárfesta með því að leggja sérstakar kröfur á sjálft sértrygð skuldabréfið. Einnig er viðeigandi, til viðbótar við þá sérstöku kröfu um að nota hágæða eignir í tryggingasafni, að setja reglur um almennar kröfur að því er varðar einkenni tryggingasafnsins, til að efla enn frekar fjárfestavernd. Kröfur þessar ættu að hafa að geyma sérstakar reglur sem miða að því að vernda tryggingasafnið, svo sem reglur um aðgreiningu eigna í tryggingasafni. Aðgreiningu má ná með ýmsum leiðum, svo sem í efnahagsreikningi, með félagi með sérstakan tilgang eða með öðrum hætti. Engu að síður er tilgangurinn með aðgreiningu eigna í tryggingasafni að koma þeim í löglegt skjól fyrir öðrum kröfuhöfum en fjárfestum í sértrygðum skuldabréfum.
- 18) Einnig ætti að setja reglur um staðsetningu veðeigna til að unnt sé að framfylgja réttindum fjárfesta. Einnig er mikilvægt að aðildarríkin kveði á um reglur um samsetningu tryggingasafnsins. Enn frekar ætti í þessar tilskipun að tilgreina kröfur um tryggingaþekju, með fyrirvara um rétt aðildarríkjanna til að heimila mismunandi aðferðir við að milda áhættu, svo sem með tilliti til gjaldmiðla og vaxta. Útreikningur á tryggingaverndinni og skilyrðin fyrir því að afleiðusamningar geti verið með í tryggingasafninu ætti einnig að vera skilgreindur til að tryggja að tryggingasöfn falli undir sameiginlega hágæðastaðla í öllu Sambandinu. Útreikningur á tryggingaverndinni ætti að fylgja meginreglunni um nafnvirði fyrir höfuðstólinn. Aðildarríkin ættu að geta notað aðra reikningsaðferð en meginregluna um nafnvirði, að því tilskildu að hin aðferðin sé varfærnari, þ.e.a.s. að hún leiði ekki til herra þekjuhlutfalls þar sem eignir í tryggingasafni eru teljarinn og skuldbindingarnar vegna sértrygðra skuldabréfa eru nefnarinn. Aðildarríkin ættu að geta gert kröfu um yfirveðsetningu fyrir sértrygð skuldabréf sem lánastofnanir staðsettar í viðkomandi aðildarríki gefa út og er hærri en krafan um tryggingaþekju sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.
- 19) Allmörg aðildarríki krefjast þess nú þegar að eftirlitsaðili með tryggingasafninu framkvæmi tiltekin verkefni sem varða gæði hæfra eigna og tryggji að farið sé að innlendum kröfum um tryggingaþekju. Því er mikilvægt, til að samræma meðferð sértrygðra skuldabréfa í öllu Sambandinu, að verkefni og ábyrgð eftirlitsaðila með tryggingasafninu, ef gerð er krafa um slíkan eftirlitsaðila í innlendum lagaramma, séu skýrt skilgreind. Tilvist eftirlitsaðila með tryggingasafninu firrir innlend lögbær yfirvöld ekki ábyrgð að því er varðar opinbert eftirlit með sértrygðum skuldabréfum, einkum að því er varðar fylgni við kröfurnar sem mælt er fyrir um í ákvæðum landslaga sem lögleiða þessa tilskipun.

⁽¹⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/111/EB frá 16. nóvember 2006 um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja, svo og gagnsæi í fjármálum tiltekinna fyrirtækja (Stjtíð. ESB L 318, 17.11.2006, bls. 17).

- 20) Í 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eru sett fram nokkur skilyrði sem sértryggð skuldabréf, sem eru tryggt með verðbréfunareiningum, verða að uppfylla. Eitt þessara skilyrða varðar að hve miklu leyti nota má þá gerð eignar í tryggingasafni og takmarkar notkun slíks fyrirkomulags við 10% af fjárhæð útstandandi sértryggðra skuldabréfa. Lögbær yfirvöld geta fellt þau skilyrði niður í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu, í endurskoðun sinni á því hvort þessi undanþága væri viðeigandi, að aðeins ætti að vera hægt að nota verðbréfunargerninga eða sértryggð skuldabréf sem eignir í tryggingasafni við útgáfu á sértryggðum skuldabréfum að því er varðar önnur sértryggð skuldabréf („fyrirkomulag safns sértryggðra skuldabréfa innan samstæðu“) og það ætti að vera mögulegt án takmarkana með vísan til fjárhæðar útstandandi sértryggðra skuldabréfa. Til að tryggja ákjósanlegt gagnsæi, ættu tryggingasöfn fyrir sértryggð skuldabréf sem eru gefin út utan samstæðu ekki að innihalda sértryggð skuldabréf, sem eru gefin út innan samstæðu, frá mismunandi lánastofnunum innan sömu samstæðu. Þar eð notkun fyrirkomulags safns sértryggðra skuldabréfa innan samstæðu veitir undanþágu frá hámarki á áhættuskuldbindingum lánastofnana sem mælt er fyrir um í 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, ætti enn fremur að krefjast þess að sértryggð skuldabréf sem eru gefin út innan og utan samstæðu uppfylli skilyrði fyrir 1. lánshæfisþrep þegar þau eru gefin út eða, komi til síðari breytingar á lánshæfisþrepi og með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda, 2. lánshæfisþrep. Ef sértryggð skuldabréf sem eru gefin út innan eða utan samstæðu uppfylla ekki lengur þá kröfu teljast sértryggð skuldabréf sem eru gefin út innan samstæðu ekki lengur vera hæfar eignir skv. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og sértryggð skuldabréf úr viðeigandi tryggingasafni sem eru gefin út utan samstæðu njóta þar af leiðandi ekki góðs af undanþágunni í 1. mgr. b í 129. gr. þeirrar reglugerðar.

Ef þessi sértryggðu skuldabréf sem eru gefin út innan samstæðu uppfylla ekki lengur kröfu um viðeigandi lánshæfisþrep ættu þau aftur á móti að vera hæfar eignir í tryggingasafni að því er varðar þessa tilskipun, að því tilskildu að þau uppfylli allar kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun þessari, og því ættu sértryggð skuldabréf sem eru gefin út utan samstæðu og eru tryggt með veði í sértryggðu skuldabréfunum sem eru gefin út innan samstæðu eða öðrum eignum sem fara að þessari tilskipun einnig að geta notað merkimiðann „evrópskt sértryggt skuldabréf“. Aðildarríkin ættu að hafa þann möguleika að heimila notkun slíks fyrirkomulags. Af því leiðir að til þess að lánastofnanir sem tilheyrja samstæðu sem er staðsett í mismunandi aðildarríkjum geti átt kost á þessum möguleika ættu öll viðkomandi aðildarríki að hafa nýtt sér þann möguleika og leitt viðeigandi ákvæði í lög sín.

- 21) Litlar lánastofnanir standa frammi fyrir erfiðleikum þegar þær gefa út sértryggð skuldabréf þar sem kostnaðurinn við að setja á laggirnar áætlun um sértryggð skuldabréf getur verið mjög mikill í byrjun. Lausafjárstaða er einnig sérstaklega mikilvæg á mörkuðum fyrir sértryggð skuldabréf og hún ræðst að miklu leyti af magni útstandandi skuldabréfa. Því er rétt að heimila sameiginlega fjármögnun tveggja lánastofnana eða fleiri til að gera smærri lánastofnunum kleift að gefa út sértryggð skuldabréf. Þetta ætti að gera fleiri lánastofnunum kleift að samnýta eignir í tryggingasafni sem eignir í tryggingasafni fyrir sértryggð skuldabréf sem stök lánastofnun gefur út og myndi greiða fyrir útgáfu sértryggðra skuldabréfa í þeim aðildarríkjum þar sem ekki er að finna vel þróaðan markað fyrir sértryggð skuldabréf um þessar mundir. Kröfurnar sem gilda um notkun samninga um sameiginlega fjármögnun ættu að tryggja að eignir í tryggingasafni sem eru seldar eða, ef aðildarríki hefur heimilað þann möguleika, yfirfærðar fyrir tilstilli fjárhagslegra tryggingaráðstafana samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB⁽¹²⁾ til útgáfulánastofnananna uppfylli kröfurnar um hæfi og aðgreiningu að því er varðar eignir í tryggingasafni samkvæmt lögum Sambandsins.

- 22) Gagnsæi tryggingasafnsins sem tryggir sértryggða skuldabréfið er mikilvægur hluti þeirrar gerðar fjármálagernings þar sem það auðveldar samanburð og gerir fjárfestum kleift að gera nauðsynlegt áhættumat. Lög Sambandsins fela í sér reglur um gerð, staðfestingu og dreifingu lýsingar sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði sem er staðsettur eða starfræktur innan aðildarríkis. Landsbundnir löggjafar og aðilar á markaði hafa í tímans rás mótað fjölda framtaksverkefna er varða upplýsingar sem veita skal fjárfestum í sértryggðum skuldabréfum og eru til viðbótar við slík lög Sambandsins. Aftur á móti er nauðsynlegt að tilgreina í lögum Sambandsins þær lágmarksupplýsingar sem fjárfestar ættu að hafa aðgang að áður en eða þegar þeir kaupa sértryggð skuldabréf. Aðildarríkin ættu að geta bætt viðbótarákvæðum við þessar lágmarkskröfur.

⁽¹²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB frá 6. júní 2002 um fjárhagslegar tryggingaráðstafanir (Stjtíð. EB L 168, 27.6.2002, bls. 43).

- 23) Grundvallarþáttur í því að tryggja vernd fjárfesta í sértryggðum skuldabréfum er að milda lausafjánhættu gerningsins. Það skiptir sköpum við að tryggja tímanlega endurgreiðslu skuldbindinga sem tengjast sértryggða skuldabréfinu. Því er við hæfi að innleiða varaforða lauss fjár fyrir tryggingasafn til að fást við hættu á lausafjárskorti, svo sem misræmi í gjalddögum og vöxtum, rof á greiðslum, samblöndun áhættu, greiðsluskuldbindingar sem tengjast afleiðusamningum og aðrar rekstrarskuldbindingar sem greiða þarf innan áætlunarinnar um sértryggð skuldabréf. Lánastofnunin getur komist í þá stöðu að erfitt geti reynst að fara að kröfunni um varaforða lauss fjár fyrir tryggingasafnið, t.d. á álagstímum þegar forðinn er notaður til að standa straum af ústreymi. Lögbæru yfirvöldin sem eru tilgreind samkvæmt þessari tilskipun ættu að fylgjast með því að krafan um varaforða lauss fjár fyrir tryggingasafnið sé uppfyllt og, ef nauðsyn krefur, gera ráðstafanir til að tryggja að lánastofnunin fari að kröfunni um varaforða. Varaforði lauss fjár fyrir tryggingasafnið er frábrugðinn almennum lausafjárkröfum sem eru lagðar á lánastofnanir í samræmi við aðrar réttargerðir Sambandsins þar eð hið fyrrnefnda tengist beint tryggingasafninu og leitast við að milda lausafjánhættu sem tengist því beint. Til að lágmarka stjórnsýslubyrði ættu aðildarríkin að geta heimilað viðeigandi samspil við lausafjárkröfurnar sem eru ákvarðaðar í öðrum réttargerðum Sambandsins og þjóna öðrum tilgangi en varaforði lauss fjár fyrir tryggingasafnið. Aðildarríkin ættu því að geta ákveðið, þar til þessum réttargerðum Sambandsins verður breytt, að krafan um varaforða lauss fjár fyrir tryggingasafn gildi aðeins ef engar aðrar lausafjárkröfur eru lagðar á lánastofnunina samkvæmt lögum Sambandsins á því tímabili sem slíkar aðrar kröfur taka til.

Slíkar ákvarðanir ættu að koma í veg fyrir að lánastofnanir falli undir skyldu til að tryggja sama ústreymi með mismunandi lausafjäreignum fyrir sama tímabil. Endurmeta ætti þann möguleika að aðildarríkin ákveði að varaforði lauss fjár fyrir tryggingasafn gildi ekki, í tengslum við breytingar í framtíðinni á lausafjárkröfum fyrir lánastofnanir samkvæmt lögum Sambandsins, þ.m.t. gildandi framselda reglugerð sem er samþykkt skv. 460. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Hægt væri að taka á lausafjánhættu með öðrum hætti en að láta í té lausafjäreignir, t.d. með því að gefa út sértryggð skuldabréf sem falla undir framlengjanlegt fyrirkomulag líftíma þegar kveikjuatburðir snúa að lausafjárskorti eða -álagi. Aðildarríkin ættu, í tilvikum sem þessum, að heimila að útreikningurinn á varaforða lauss fjár byggist á endanlegum gjalddaga sértryggða skuldabréfsins, að teknu tilliti til hugsanlegrar framlengingar á líftímanum þegar kveikjuatburðir snúa að lausafjánhættu. Aðildarríkin ættu einnig að geta heimilað að lausafjárkröfur tryggingasafnsins gildi ekki um sértryggð skuldabréf sem falla undir kröfur um samhverfa fjármögnun (e. *match funding requirements*) þegar inngreiðslur falla í gjalddaga samkvæmt samningi á undan útgreiðslum og eru á meðan flokkaðar sem afar auðseljanlegar eignir.

- 24) Í fjölda aðildarríkja hefur verið þróað nýstárlegt fyrirkomulag endurgreiðsluferla til að taka á hugsanlegri lausafjánhættu, m.a. gjalddagamisræmi. Meðal þess er sá möguleiki að framlengja áætlaðan gjalddaga sértryggða skuldabréfsins í tiltekinn tíma eða heimila að sjóðstreymi frá eignum í tryggingasafni renni beint til fjárfesta í sértryggðum skuldabréfum. Mikilvægt er, til að samræma framlengjanlegt fyrirkomulag líftíma í öllu Sambandinu, að ákvarða þau skilyrði sem gera aðildarríkjunum kleift að heimila það fyrirkomulag til að tryggja að það sé ekki of flókið og leiði ekki til aukinnar áhættu fyrir fjárfesta. Mikilvægur þáttur í þessum skilyrðum er að tryggja að lánastofnunin geti ekki framlengt líftímann að eigin geðþótta. Einungis ætti að heimila framlengingu líftímans þegar hlutlægir og skýrt skilgreindir kveikjuatburðir, sem eru ákvarðaðir samkvæmt landslögum, hafa átt sér stað eða búist er við að muni eiga sér stað í náinni framtíð. Slíkir kveikjuatburðir ættu að miða að því að koma í veg fyrir vanefndir, t.d. með því að taka á lausafjárskorti, markaðsbresti eða markaðsröskun. Framlenging gæti einnig greitt fyrir eðlilegum slitum lánastofnana sem gefa út sértryggð skuldabréf og gert kleift að framlengja þegar um er að ræða ógjaldfærni eða skilameðferð til að koma í veg fyrir brunaútsölu á eignum.
- 25) Tilvist sérstaks opinbers eftirlitsramma er þáttur sem skilgreinir sértryggð skuldabréf skv. 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB. Í þeirri tilskipun er hins vegar ekki tilgreint hvert eðli og innihald slíks eftirlits eigi að vera né hvaða yfirvöld ættu að annast slíkt eftirlit. Því er mikilvægt að undirstöðupættir slíks opinbers eftirlits með sértryggðum skuldabréfum séu samræmdir og að verkefni og skyldur innlendra lögbærra yfirvalda sem framkvæma eftirlitið séu sett fram með skýrum hætti.
- 26) Þar eð opinbert eftirlit með sértryggðum skuldabréfum er frábrugðið eftirliti með lánastofnunum í Sambandinu ættu aðildarríkin að geta tilnefnt innlend lögbær yfirvöld til að sinna opinberu eftirliti með sértryggðum skuldabréfum sem eru önnur en þau lögbæru yfirvöld sem hafa almennt eftirlit með lánastofnuninni. Þó er nauðsynlegt, til að tryggja samræmi í beitingu opinbers eftirlits með sértryggðum skuldabréfum í öllu Sambandinu, að krefjast þess að lögbær yfirvöld sem sinna opinberu eftirliti með sértryggðum skuldabréfum starfi náð með þeim sem sinna almennu eftirliti með lánastofnunum, svo og, eftir því sem við á, með skilastjórnvaldinu.

- 27) Opinbert eftirlit með sértrygðum skuldabréfum ætti að fela í sér að veita lánastofnunum leyfi til að gefa út sértrygð skuldabréf. Þar eð einungis ætti að heimila lánastofnunum að gefa út sértrygð skuldabréf, ætti leyfi til að starfa sem lánastofnun að vera forsenda þess að fá slíka heimild. Þar eð Seðlabanki Evrópu hefur það hlutverk í þeim aðildarríkjum sem eru aðilar að samræmdu eftirlitsráðstöfuninni að veita lánastofnunum starfsleyfi í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (ESB) nr. 1024/2013⁽¹³⁾ ættu aðeins þau yfirvöld sem eru tilnefnd samkvæmt þessari tilskipun að vera til þess bær að veita leyfi fyrir útgáfu sértrygðra skuldabréfa og hafa opinbert eftirlit með sértrygðum skuldabréfum. Í þessari tilskipun ætti, í samræmi við það, að setja skilyrðin fyrir því að lánastofnanir sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögum Sambandsins geti fengið leyfi til stunda útgáfu sértrygðra skuldabréfa.
- 28) Umfang leyfisins ætti að tengjast áætluninni um sértrygð skuldabréf. Sú áætlun ætti að falla undir eftirlit samkvæmt tilskipun þessari. Lánastofnun getur verið með fleiri en eina áætlun um sértrygð skuldabréf. Þegar svo er ætti að krefjast sérstaks leyfis fyrir hverja áætlun. Áætlun um sértryggt skuldabréf getur falið í sér fleiri en eitt tryggingasafn. Mörg tryggingasöfn eða mismunandi útgáfur (mismunandi alþjóðleg auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN)) í sömu áætlun um sértrygð skuldabréf gefa ekki endilega til kynna tilvist margra, aðskilinna áætlana um sértrygð skuldabréf.
- 29) Ekki ætti að þurfa að afla nýs leyfis vegna þeirra áætlana um sértrygð skuldabréf sem eru í gildi þegar ákvæði landslaga sem lögleiða þessa tilskipun koma til framkvæmda. Að því er varðar sértrygð skuldabréf sem eru gefin út samkvæmt núverandi áætlunum um sértrygð skuldabréf eftir gildistöku ákvæða landslaga sem lögleiða þessa tilskipun ættu lánastofnanir hins vegar að hlíta öllum kröfum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Lögbær yfirvöld sem eru tilgreind samkvæmt þessari tilskipun ættu að hafa eftirlit með slíkri hlítun sem hluta af opinberu eftirliti með sértrygðum skuldabréfum. Aðildarríkin gætu veitt leiðsögn samkvæmt landslögum um verklag við mat á reglufylgni eftir þá dagsetningu þegar aðildarríkin eiga að beita ákvæðum landslaga sem lögleiða þessa tilskipun. Lögbær yfirvöld ættu að geta endurskoðað áætlun um sértrygð skuldabréf og metið þörf fyrir breytingar á leyfinu fyrir þeirri áætlun. Slík þörf á breytingum gæti verið af völdum umtalsverðra breytinga á viðskiptalíkani lánastofnunarinnar sem gefur út sértrygð skuldabréfin, t.d. í kjölfar breytinga á innlendum regluramma um sértrygð skuldabréf eða ákvörðunum sem lánastofnunin hefur tekið. Slíkar breytingar gætu talist vera umtalsverðar ef þær krefjast endurmats á þeim skilyrðum sem leyfið fyrir útgáfu sértrygðra skuldabréfa grundvallaðist á.
- 30) Þegar aðildarríki kveður á um skípan sérstaks stjórnanda ætti það að geta sett reglur um valdsvið og rekstrarlegar kröfur fyrir slíka sérstaka stjórnendur. Þessar reglur gætu útilokað möguleika sérstaka stjórnandans á að taka við innlánnum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá neytendum og almennum fjárfestum en heimilað honum að taka við innlánnum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum eingöngu frá fagfjárfestum.
- 31) Krefja ætti aðildarríkin um að kveða á um stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir, sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnarhrif, til að tryggja að farið sé að þeim skyldum sem lagðar eru á lánastofnanir sem gefa út sértrygð skuldabréf og til að tryggja sambærilega meðferð og reglufylgni í öllu Sambandinu. Aðildarríkin ættu að geta kveðið á um refsiviðurlög í stað stjórnsýsluviðurlaga. Aðildarríki sem kjósa að kveða á um refsiviðurlög ættu að tilkynna viðkomandi ákvæði refsiréttar til framkvæmdastjórnarinnar.
- 32) Stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir sem aðildarríki kveða á um ættu að fullnægja tilteknum, mikilvægum kröfum í tengslum við viðtakendur þessara viðurlaga eða ráðstafana, viðmiðanirnar sem taka ber tillit til við beitingu þeirra, birtingarskyldu lögbærra yfirvalda sem framkvæma opinbert eftirlit með sértrygðum skuldabréfum, vald til að leggja á viðurlög og fjárhæð stjórnsýslusekta sem kann að verða beitt. Viðtakandinn ætti að fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en allar ákvarðanir um stjórnsýsluviðurlög eða aðrar stjórnsýslulegar ráðstafanir eru teknar. Aðildarríkin ættu þó að geta kveðið á um undanþágur á réttinum til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri að því er varðar stjórnsýsluráðstafanir aðrar en stjórnsýsluviðurlög. Allar slíkar undanþágur skulu takmarkast við tilvik þar sem bráð hætta steðjar að og skjótar aðgerðir eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir umtalsvert tap þriðju aðila, svo sem fjárfesta í sértrygðum skuldabréfum eða til að koma í veg fyrir eða ráða bót á umtalsverðum skaða á fjármála-kerfinu. Í slíkum tilvikum ætti að gefa viðtakandanum tækifæri til að tjá sig eftir að ráðstöfunin hefur verið lögð á.

⁽¹³⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1024/2013 frá 15. október 2013 um að fela Seðlabanka Evrópu sérstök verkefni að því er varðar stefnur sem snerta varfærniseftirlit með lánastofnunum (Stjtið. ESB L 287, 29.10.2013, bls. 63).

- 33) Aðildarríkjnum ætti að vera skylt að tryggja að lögbær yfirvöld sem sinna opinberu eftirliti með sértrygðum skuldabréfum taki tillit til allra viðeigandi kringumstæðna til að tryggja samræmda beitingu stjórnsluviðurlaga eða annarra stjórnsluráðstafana í öllu Sambandinu þegar þau ákveða gerð stjórnsluviðurlaga eða annarra stjórnsluráðstafana og umfang þeirra viðurlaga. Aðildarríkin gætu gert ráð fyrir stjórnsluráðstöfunum í tengslum við framlengingu á líftíma samkvæmt framlengjanlegu fyrirkomulagi líftíma. Ef aðildarríkin kveða á um slíkar ráðstafanir, gætu ráðstafanir þessar gert lögbærum yfirvöldum kleift að ógilda framlengingu á líftíma og mælt fyrir um skilyrði fyrir slíkri ógildingunni til að taka á þeirri stöðu þegar lánastofnun framlengir líftímann í bága við hlutlæga kveikjuatburði sem mælt er fyrir um í landslögum eða til að tryggja fjármálastöðugleika og fjárfestavernd.
- 34) Til að greina möguleg brot á kröfum vegna útgáfu og markaðssetningar sértryggðra skuldabréfa ættu lögbær yfirvöld sem sinna opinberu eftirliti með sértrygðum skuldabréfum að hafa nauðsynlegar rannsóknarheimildir og skilvirkt fyrirkomulag til að hvetja til tilkynninga um möguleg eða raunveruleg brot. Þetta fyrirkomulag ætti ekki að hafa áhrif á rétt einstaklinga eða aðila sem hafa orðið fyrir neikvæðum áhrifum vegna beitingar þessara heimilda og fyrirkomulags til að grípa til varna.
- 35) Lögbær yfirvöld sem sinna opinberu eftirliti með sértrygðum skuldabréfum ættu einnig að hafa vald til að leggja á stjórnsluviðurlög og samþykka aðrar stjórnsluráðstafanir til að tryggja mesta mögulega svigrúm til aðgerða eftir brot og stuðla að því að koma í veg fyrir frekari brot og skiptir þá ekki máli hvort slíkar ráðstafanir eru flokkaðar undir stjórnsluviðurlög eða aðra stjórnsluráðstöfun samkvæmt landslögum. Aðildarríkin ættu að geta kveðið á um viðurlög til viðbótar við þau sem kveðið er á um í þessari tilskipun.
- 36) Gildandi landslög um sértrygð skuldabréf einkennast af því að þau falla undir ítarlegar reglur á landsbundnum vettvangi og eftirlit með útgáfu og áætlunum um sértrygð skuldabréf til að tryggja að réttindi fjárfesta í sértrygðum skuldabréfum séu ávallt í heiðri höfð. Eftirlitið felur í sér viðvarandi vöktun á einkennum áætlunarinnar, kröfum um tryggingaþekju og gæðum tryggingasafnsins. Fullnægjandi upplýsingar til fjárfesta um regluramann sem gildir um útgáfu sértryggðra skuldabréfa eru nauðsynlegur þáttur í fjárfestavernd. Því er rétt að tryggja að lögbær yfirvöld birti reglulega upplýsingar um ákvæði landslaga sem lögleiða þessa tilskipun og um það hvernig þau framkvæma opinbert eftirlit sitt með sértrygðum skuldabréfum.
- 37) Sértrygð skuldabréf eru nú markaðssett í Sambandinu undir innlendum heitum og merkimiðum sem sum eru gamlgróin en önnur ekki. Því virðist viðeigandi að heimila lánastofnunum sem gefa út sértrygð skuldabréf í Sambandinu að nota sérstakan merkimiða, „evrópskt sértryggt skuldabréf“, þegar þær selja fjárfestum bæði í Sambandinu og þriðju löndum sértrygð skuldabréf með því skilyrði að þessi sértrygðu skuldabréf uppfylli kröfurnar sem eru settar fram í þessari tilskipun. Ef slík sértrygð skuldabréf uppfylla einnig kröfurnar sem eru settar fram í 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ætti að heimila lánastofnunum að nota merkimiðann „evrópskt sértryggt skuldabréf (úrvals (e. *premium*))“. Sá merkimiði, sem tilgreinir að sérstakar viðbótarkröfur hafi verið uppfylltar og leitt til aukinna og velskiljanlegra gæða, gæti verið eftirsóknarverður jafnvel í aðildarríkjum þar sem er að finna rótgróna innlenda merkimiða. Markmiðið með merkimiðunum „evrópskt sértryggt skuldabréf“ og „evrópskt sértryggt skuldabréf (úrvals)“ er að auðvelda fjárfestum að meta gæði sértrygðra skuldabréfanna og þar með að gera þau áhugaverðari sem fjárfestingarleið bæði innan Sambandsins og utan. Notkun þessara tveggja merkimiða ætti þó að vera valkvæð og aðildarríkin ættu að geta haldið í eigin innlendu ramma um heiti og merkimiða samhliða þessum tveimur merkimiðum.
- 38) Til að meta beitingu þessarar tilskipunar ætti framkvæmdastjórnin í nánú samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina að fylgjast með þróun sértryggðra skuldabréfa í Sambandinu og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um umfang fjárfestaverndar og þróun markaða fyrir sértrygð skuldabréf. Í skýrslunni ætti einnig að beina sjónum að þróun varðandi eignir sem veðtryggja útgáfu sértryggðra skuldabréfa. Þar eð notkun framlengjanlegs fyrirkomulags líftíma hefur aukist ætti framkvæmdastjórnin einnig að gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um virkni sértryggðra skuldabréfa með framlengjanlegt fyrirkomulag líftíma og um áhættuna og ávinninginn sem leiðir af útgáfu slíkra sértryggðra skuldabréfa.

- 39) Markaðsaðilar og aðrir hafa lagt fram tillögu um nýjan flokk fjármálagerninga undir heitinu „tryggðar evrópskar skuldaviðurkenningar“ (e. *European Secured Notes*), sem eru tryggðar með eignum sem hafa meiri áhættu en opinberar áhættuskuldbindingar og veðlán og sem eru ekki hæfar eignir í tryggingasafni samkvæmt þessari tilskipun, sem viðbótargerning fyrir banka til að fjármagna raunhagkerfið. Framkvæmdastjórnin ráðfærði sig við Evrópsku bankaefirlitsstofnunina 3. október 2017 til að meta að hve miklu leyti tryggðu evrópsku skuldaviðurkenningar gætu notað bestu starfsvenjur sem Evrópska bankaefirlitsstofnunin hefur skilgreint fyrir hefðbundin sértryggð skuldabréf, viðeigandi áhættumeðferð evrópsku skuldaviðurkenninganna og hugsanleg áhrif útgáfu evrópskrar skuldaviðurkenningar á umfang kvaða í efnahagsreikningi banka. Evrópska bankaefirlitsstofnunin svaraði með útgáfu skýrslu 24. júlí 2018. Framkvæmdastjórnin birti rannsókn 12. október 2018, samhliða skýrslu Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar. Rannsókn framkvæmdastjórnarinnar og skýrsla Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar komust að þeirri niðurstöðu að frekara mats væri þörf, t.d. á stjórnsýslulegri meðferð. Framkvæmdastjórnin ætti því að meta áfram hvort lagarammi fyrir evrópskar skuldaviðurkenningar væri viðeigandi og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um niðurstöður sínar, ásamt tillögu að nýrri löggjöf, ef við á.
- 40) Sem stendur er ekkert jafngildisfyrirkomulag í gildi fyrir viðurkenningu Sambandsins á sértryggðum skuldabréfum sem lánastofnanir gefa út í þriðju löndum, nema í varfærnislegu samhengi þegar tilteknum skuldabréfum þriðja lands er veitt ívilnandi meðferð varðandi lausafjárstöðu við tiltekin skilyrði. Framkvæmdastjórnin ætti því, í nánu samstarfi við Evrópsku bankaefirlitsstofnunina, að meta þörfina fyrir, og mikilvægi þess, að innleiða jafngildisfyrirkomulag fyrir útgefendur og fjárfesta sértryggðra skuldabréfa í þriðja landi. Framkvæmdastjórnin ætti, eigi síðar en tveimur árum eftir þann dag þegar aðildarríkin eiga að beita ákvæðum landslaga sem lögleiða tilskipun þessa, að leggja skýrslu þar um fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögu að nýrri löggjöf, ef við á.
- 41) Sértryggð skuldabréf einkennast af því að áætlaður líftími þeirra er mörg ár. Því er nauðsynlegt að kveða á um umbreytingarráðstafanir til að tryggja að sértryggð skuldabréf sem voru gefin út fyrir 8. júlí 2022 verði ekki fyrir áhrifum. Sértryggð skuldabréf sem voru gefin út fyrir þá dagsetningu ættu því að uppfylla áfram kröfunar sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB og ættu að vera undanþegin flestöllum nýju kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Áfram ætti að vera hægt að vísa til slíkra sértryggðra skuldabréfa sem sértryggðra skuldabréfa, að því tilskildu að hlítning þeirra við 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB, eins og við átti á útgáfudegi þeirra, og við kröfunar í þessari tilskipun sem um þau gilda, falli undir eftirlit lögbærra yfirvalda sem eru tilnefnd samkvæmt þessari tilskipun. Slíkt eftirlit ætti ekki að ná til krafanna í þessari tilskipun sem þessi sértryggðu skuldabréf eru undanþegin. Í sumum aðildarríkjum eru alþjóðleg auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN) opin í lengri tíma sem gerir kleift að gefa samfellt út sértryggð skuldabréf samkvæmt því númeri í þeim tilgangi að auka magn (umfang útgáfunnar) þessa sértryggðra skuldabréfs (opin útgáfa). Umbreytingarráðstafanirnar ættu að taka til opinna útgáfu á sértryggðum skuldabréfum samkvæmt alþjóðlegum auðkennisnúmerum verðbréfa sem eru opnuð fyrir 8. júlí 2022, með fyrirvara um einhverjar takmarkanir.
- 42) Þar sem mælt er fyrir um samræmdan ramma fyrir sértryggð skuldabréf ætti að breyta lýsingunni á sértryggðum skuldabréfum í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB. Í tilskipun 2014/59/ESB eru sértryggð skuldabréf skilgreind með vísan til 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB. Þar eð breyta ætti þeirri skilgreiningu ætti einnig að breyta tilskipun 2014/59/ESB. Enn fremur ætti, til að koma í veg fyrir að sértryggð skuldabréf sem eru gefin út í samræmi við 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB fyrir 8. júlí 2022 verði fyrir áhrifum, að vísa áfram til þessara sértryggðu skuldabréfa sem sértryggðra skuldabréfa þar til þau falla í gjalddaga. Því ætti að breyta tilskipunum 2009/65/EB og 2014/59/ESB til samræmis við það.
- 43) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl⁽¹⁴⁾ hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar til að útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er þessa tilskipun varðar telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttlætunleg.
- 44) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að setja sameiginlegan ramma um sértryggð skuldabréf til að tryggja að einkenni í uppbyggingu sértryggðra skuldabréfa í öllu Sambandinu samsvari lægra áhættusniði sem réttlætir ívilnandi meðferð Sambandsins, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna þarfarinnar til að þróa enn frekar markaðinn fyrir sértryggð skuldabréf og styðja við fjárfestingar yfir landamæri í

(14) Stjtd. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

Sambandinu, getur Sambandið samþykkt ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og sett er fram í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.

- 45) Samráð var haft við Seðlabanka Evrópu og skilaði hann álitinu sínu 22. ágúst 2018.
- 46) Samráð var haft við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ⁽¹⁵⁾ og skilaði hún álitinu 12. október 2018.
- 47) Lánastofnanir sem gefa út sértryggð skuldabréf vinna með verulegt magn persónuupplýsinga. Slík vinnsla ætti ávallt að fara að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ⁽¹⁶⁾. Enn fremur ætti vinnsla Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar á persónuupplýsingum að fara fram í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 þegar hún, eins og krafist er í þessari tilskipun, heldur utan um miðlægt gagnasafn um stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir sem lögbær yfirvöld senda henni ⁽¹⁷⁾.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. BÁLKUR

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um eftirfarandi reglur um fjárfestavernd sem varða:

- 1) kröfur varðandi útgáfu sértryggðra skuldabréfa,
- 2) kerfislæga þætti sértryggðra skuldabréfa,
- 3) opinbert eftirlit með sértryggðum skuldabréfum,
- 4) kröfur um birtingu í tengslum við sértryggð skuldabréf.

2. gr.

Gildissvið

Tilskipun þessi gildir um sértryggð skuldabréf sem lánastofnanir með staðfestu í Sambandinu gefa út.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „sértryggt skuldabréf“: fjárskuldbinding sem lánastofnun gefur út í samræmi við ákvæði landslaga sem lögleiða skyldubundnar kröfur þessarar tilskipunar og sem er tryggt með eignum í tryggingasafni sem fjárfestar í sértryggðum skuldabréfum hafa beinan aðgang að sem forgangskröfuhafar,

⁽¹⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjttíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

⁽¹⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjttíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

⁽¹⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjttíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

- 2) „áætlun um sértryggt skuldabréf“: kerfislægir þættir í útgáfu sértryggðra skuldabréfa sem ákvarðast af lagareglum og samningsskilmálum og -skilyrðum, í samræmi við leyfi sem lánastofnuninni, sem gefur út sértryggtu skuldabréfin, er veitt,
- 3) „tryggingasafni“: skýrt skilgreindur flokkur eigna sem tryggja greiðsluskyldu sem tengist sértryggtum skuldabréfum sem eru aðgreindar frá öðrum eignum lánastofnunarinnar sem gefur út sértryggtu skuldabréfin,
- 4) „eignir í tryggingasafni“: eignir sem eru hluti af tryggingasafni,
- 5) „veðeignir“: áþreifanlegar eignir og eignir í formi áhættuskuldbindinga sem tryggja eignir í tryggingasafni,
- 6) „aðgreining“: aðgerðir sem lánastofnun, sem gefur út sértryggt skuldabréf, framkvæmir til að auðkenna eignir í tryggingasafni og setja þær á löglegan hátt utan seilingar kröfuhafa, annarra en fjárfesta í sértryggtum skuldabréfum og mótaðila í afleiðusamningum,
- 7) „lánastofnun“: lánastofnun eins og hún er skilgreind í 1. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- 8) „sérhæfð veðlánastofnun“: lánastofnun sem fjármagnar lán eingöngu eða að mestu leyti með útgáfu sértryggðra skuldabréfa sem lögum samkvæmt er aðeins heimilt að veita veðlán og lán til opinberra aðila og sem er ekki heimilt að taka við innlánum en tekur við öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi,
- 9) „sjálfvirk gjaldfelling“: staða þar sem sértryggt skuldabréf fellur sjálfkrafa í gjalddaga við ógjaldfærni eða skilameðferð útgefandans sem fjárfestar í sértryggtum skuldabréfum eiga aðfararhæfa kröfu á til endurgreiðslu fyrir upphaflegan gjalddaga,
- 10) „markaðsvirði“: að því er varðar fasteignir, markaðsvirði eins og það er skilgreint í 76. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- 11) „veðlánsvirði“: að því er varðar fasteignir, veðlánsvirði eins og það er skilgreint í 74. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- 12) „helstu eignir“: ráðandi eignir í tryggingasafni sem ákvarða eðli tryggingasafnsins,
- 13) „staðgöngueignir“: eignir í tryggingasafni sem stuðla að kröfum um tryggingaþekju, aðrar en helstu eignir,
- 14) „yfirveðsetning“: lögboðið, samningsbundið eða valfrjálst stig tryggingar í heild sinni sem er hærra en krafan um tryggingaþekju sem er sett fram í 15. gr.,
- 15) „kröfur um samhverfa fjármögnun“: reglur þar sem þess er krafist að sjóðstreymi milli skulda og eigna sem eru á gjalddaga sé jafnað með því að tryggja í samningsskilmálum og -skilyrðum að greiðslur frá lántakendum og mótaðilum í afleiðusamningum falli í gjalddaga áður en greiðslur eru inntar af hendi til fjárfesta í sértryggtum skuldabréfum og til mótaðila í afleiðusamningum, að fjárhæðir sem tekið er við séu a.m.k. jafnháar og greiðslurnar sem verða inntar af hendi til fjárfesta í sértryggtum skuldabréfum og til mótaðila í afleiðusamningum og að fjárhæðirnar sem tekið er við frá lántakendum og mótaðilum í afleiðusamningum séu í tryggingasafninu í samræmi við 3. mgr. 16. gr. þar til greiðslurnar til fjárfesta í sértryggtum skuldabréfum og mótaðila í afleiðusamningum falla í gjalddaga,
- 16) „hreint lausafjárústreymi“: allt greiðsluústreymi sem fellur í gjalddaga á einum degi, þ.m.t. höfuðstóls- og vaxtagreiðslur og greiðslur samkvæmt afleiðusamningum í áætluninni um sértryggt skuldabréf, að frádregnu öllu greiðsluinnflæði sem fellur í gjalddaga á sama degi að því er varðar kröfur sem tengjast eignum í tryggingasafni,
- 17) „framlengjanlegt fyrirkomulag líftíma“: fyrirkomulag sem gefur kost á því að framlengja áætlaðan líftíma sértryggðra skuldabréfa í fyrirframákveðinn tíma og ef til þess kemur að tiltekinn kveikjuatburður eigi sér stað,
- 18) „opinbert eftirlit með sértryggtum skuldabréfum“: eftirlit með áætlunum um sértryggt skuldabréf til að tryggja að farið sé að kröfunum sem gilda um útgáfu sértryggðra skuldabréfa og að þeim sé framfylgt,
- 19) „sérstakur stjórnandi“: einstaklingur eða aðili sem er skipaður til að stjórna áætlun um sértryggt skuldabréf komi til ógjaldfærni lánastofnunar sem gefur út sértryggt skuldabréf samkvæmt þeirri áætlun eða þegar ákvarðað hefur verið að slík lánastofnun sé á fallanda fæti skv. 1. mgr. 32. gr. tilskipunar 2014/59/ESB eða, í undantekningartilvikum, þegar viðkomandi lögbert yfirvald ákvarðar að eðlileg starfsemi þeirrar lánastofnunar sé í mikilli hættu,
- 20) „skilameðferð“: skilameðferð, eins og hún er skilgreind í 1. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,

- 21) „samstæða“: samstæða, eins og hún er skilgreind í 138. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- 22) „opinber fyrirtæki“: opinber fyrirtæki eins og þau eru skilgreind í b-lið 2. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/111/EB,

II. BÁLKUR

KERFISLÆGIR ÞÆTTIR SÉRTRYGGÐRA SKULDABRÉFA

1. KAFLI

Tvöfaldur fullnusturéttur og gjaldþrotsvernd

4. gr.

Tvöfaldur fullnusturéttur

1. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur sem heimila fjárfestum í sértryggðum skuldabréfum og mótaðilum í afleiðusamningum, sem fara að 11. gr., að gera eftirfarandi kröfur:
 - a) kröfu gagnvart lánastofnuninni sem gefur út sértryggðu skuldabréfin,
 - b) forgangskröfu á höfuðstólinn og alla áfallna vexti og framtíðarvexti af eignum í tryggingasafni þegar um er að ræða ógjaldfærni eða skilameðferð lánastofnunarinnar sem gefur út sértryggðu skuldabréfin,
 - c) kröfu gagnvart þrotabúi þeirrar lánastofnunar sem gefur út sértryggðu skuldabréfin sem er jafngild kröfum almennra ótryggðra kröfuhafa lánastofnunarinnar sem ákvarðast í samræmi við landslög, sem ráða forgangsröðun við hefðbundna ógjaldfærnimeðferð, þegar um er að ræða ógjaldfærni lánastofnunarinnar og ef ekki er unnt að efna að fullu forgangskröfuna sem um getur í b-lið.
2. Kröfurnar sem um getur í 1. mgr. skulu takmarkast við fulla greiðsluskyldu sem tengist sértryggðu skuldabréfunum.
3. Aðildarríkin geta, að því er varðar c-lið 1. mgr. þessarar greinar, ef um er að ræða ógjaldfærni sérhæfðrar veðlánastofnunar, mælt fyrir um reglur sem veita fjárfestum í sértryggðum skuldabréfum og mótaðilum í afleiðusamningum sem fara að 11. gr. kröfu sem er réthærri en krafa almennra ótryggðra kröfuhafa þessarar sérhæfðu veðlánastofnunar, sem er ákvörðuð í samræmi við landslög sem ráða forgangsröðun kröfuhafa við hefðbundna ógjaldfærnimeðferð en réttlægri en allir aðrir forgangskröfuhafar.

5. gr.

Gjaldþrotsvernd sértryggðra skuldabréfa

Aðildarríkin skulu tryggja að greiðsluskylda sem tengist sértryggðum skuldabréfum falli ekki undir sjálfkrafa gjaldfellingu við ógjaldfærni eða skilameðferð lánastofnunarinnar sem gefur út sértryggðu skuldabréfin.

2. KAFLI

Tryggingasafn og tryggingaþekja

I. þáttur

Hæfar eignir

6. gr.

Hæfar eignir í tryggingasafni

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að sértryggð skuldabréf séu ávallt tryggð með:
 - a) eignum sem eru hæfar skv. 1. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að því tilskildu að lánastofnunin sem gefur út sértryggðu skuldabréfin uppfylli kröfurnar í 1. mgr. a til 3. mgr. 129. gr. þeirrar reglugerðar,
 - b) hágæða eignum í tryggingasafni sem tryggja að lánastofnunin sem gefur út sértryggðu skuldabréfin eigi greiðslukröfu eins og sett er fram í 2. mgr. og sem eru tryggðar með veðignum eins og sett er fram í 3. mgr. eða
 - c) eignum í formi lána til opinberra fyrirtækja eða sem opinber fyrirtæki ábyrgjast, með fyrirvara um 4. mgr. þessarar greinar.
2. Krafa um greiðslu sem um getur í b-lið 1. mgr. skal falla undir eftirfarandi lagaskilyrði:
 - a) eignin tákni kröfu um greiðslu fjár sem hefur lágmarksgildi sem unnt er að ákvarða hvenær sem er, sem er gild að lögum og framfylgjanleg, sem fellur ekki undir önnur skilyrði en að krafa falli í gjalddaga í framtíðinni, og sem er tryggð með fasteignaveði, kvöð, veðböndum eða annarri tryggingu,
 - b) fasteignaveðið, kvöðin, veðböndin eða önnur trygging sem tryggir greiðslukröfuna sé framfylgjanleg,
 - c) öll lagaskilyrði fyrir því að stofna til fasteignaveðsins, kvaðarinnar, veðbandanna eða tryggingarinnar sem tryggir greiðslukröfuna hafi verið uppfyllt,
 - d) fasteignaveðið, kvöðin, veðböndin eða tryggingin sem tryggir greiðslukröfuna geri lánastofnuninni, sem gefur út sértryggðu skuldabréfin, kleift að endurheimta virði kröfunnar án ótilhlýðilegrar tafar.

Aðildarríkin skulu krefjast þess að lánastofnanir sem gefa út sértryggð skuldabréf meti fullnustuhæfi greiðslukrafna og getuna til að ganga að veðignunum áður en þær eru færðar í tryggingasafnið.

3. Veðignirnar sem um getur í b-lið 1. mgr. skulu uppfylla eina eftirfarandi krafna:
 - a) að því er varðar áþreifanlegar veðignir, að til séu matsstaðlar sem eru almennt viðurkenndir meðal sérfræðinga og sem eru viðeigandi fyrir viðkomandi áþreifanlega veðign og að til sé opinber skrá þar sem eignarhald á og kröfur á þessar áþreifanlegu veðignir eru skráðar, eða
 - b) að því er varðar eignir í formi áhættuskuldbindinga, að öryggi og heilbrigði mótaðila áhættuskuldbindingarinnar leiði af skattheimtuheimildum eða því að mótaðilinn falli undir viðvarandi opinbert eftirlit með rekstrarlegu heilbrigði og fjárhagslegri greiðslugetu.

Áþreifanlegar veðignir sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skulu leggja sitt af mörkum til að tryggja skuldbindingar sem tengjast sértryggða skuldabréfinu upp að höfuðstólsfjárhæð veða að meðtöldum fyrri veðum eða 70% af verðmæti þessara áþreifanlegu veðigna, eftir því hvort er lægra. Áþreifanlegar veðignir sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar sem tryggja eignir eins og um getur í a-lið 1. mgr. skulu hvorki þurfa að uppfylla 70% mörkin né mörkin í 1. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Aðildarríkin geta, að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar, ef ekki er fyrir hendi opinber skrá fyrir tiltekna áþreifanlega veðeign, kveðið á um aðra tegund vottunar á eignarhaldi á og kröfum á hendur þeirrar áþreifanlegu veðeignar, að því marki sem það form vottunar veitir vernd sem er sambærileg þeirri vernd sem opinber skrá veitir í þeim skilningi að hún geri þriðju aðilum, sem hafa hagsmuna að gæta, í samræmi við lög viðkomandi aðildarríkis, kleift að fá aðgang að upplýsingum um tilgreiningu á kvaðabundnu áþreifanlegu veðeigninni, eignarhald, kvaðir og skráningu þeirra og fullnustuhæfi tryggingarréttinda.

4. Að því er varðar c-lið 1. mgr. skulu sértryggð skuldabréf, sem eru tryggð með lánum til opinberra fyrirtækja eða sem opinber fyrirtæki ábyrgjast sem helstu eignir, falla undir 10% yfirveðsetningu að lágmarki og undir öll eftirfarandi skilyrði:

- a) opinberu fyrirtækin veiti mikilvæga almannajónustu á grundvelli starfsleyfis, heimildar eða annars konar umboðs frá opinberu yfirvaldi,
- b) opinberu fyrirtækin falli undir opinbert eftirlit,
- c) opinberu fyrirtækin hafi nægilega getu til tekjuöflunar sem er tryggð með því að þessi opinberu fyrirtæki:
 - i. búi yfir nægilegum sveigjanleika til að innheimta og hækka gjöld, þóknanir og viðskiptakröfur fyrir veitta þjónustu til að tryggja fjárhagslegt heilbrigði þeirra og greiðslugetu,
 - ii. fái nægilega styrki á lögboðnum grundvelli til tryggja fjárhagslegt heilbrigði þeirra og greiðslugetu í skiptum fyrir að veita mikilvæga almannajónustu, eða
 - iii. hafi gert samning um yfirfærslu hagnaðar og taps við opinbert yfirvald.

5. Aðildarríkin skulu kveða á um reglur um aðferðafræðina og ferlið fyrir mat á áþreifanlegum veðeignum sem tryggja eignir eins og um getur í a- og b-lið 1. mgr. Þessar reglur skulu a.m.k. tryggja eftirfarandi:

- a) að því er varðar hverja áþreifanlega veðeign, að fyrir hendi sé gildandi mat á markaðsvirði eða minna eða á veðlánsvirði þegar eignin er tekin inn í tryggingasafnið,
- b) að matið framkvæmi matsmaður sem býr yfir nauðsynlegri menntun og hæfi, getu og reynslu, og
- c) að matsmaðurinn sé óháður lánsákvörðunarferlinu, byggji mat á virði áþreifanlegu veðeignarinnar ekki á getgátum og skrái virði áþreifanlegu veðeignarinnar á gagnsæjan og skýran hátt.

6. Aðildarríkin skulu krefjast þess að lánastofnanir sem gefa út sértryggð skuldabréf búi yfir aðferðum til að fylgjast með því að áþreifanlegu veðeignirnar sem tryggja eignirnar sem um getur a- og b-lið 1. mgr. þessarar greinar séu tryggðar með fullnægjandi hætti fyrir skaða og að váttryggingarkrafan sé aðgreind í samræmi við 12. gr.

7. Aðildarríkin skulu krefjast þess að lánastofnanir sem gefa út sértryggð skuldabréf skjalfesti eignirnar í tryggingasafninu sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. og að útlánastefna þeirra fari að ákvæðum landslaga sem lögleiða þessa grein.

8. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur sem tryggja áhættudreifingu í tryggingasafninu í tengslum við sundurgreinanleika og verulega samþjöppun að því er varðar eignir sem eru ekki hæfar skv. a-lið 1. mgr.

7. gr.

Veðeignir staðsettar utan Sambandsins

1. Aðildarríkin geta, með fyrirvara um 2. mgr., heimilað lánastofnunum sem gefa út sértryggð skuldabréf að setja eignir í tryggingasafnið sem eru tryggðar með veðeignum sem eru staðsettar utan Sambandsins.

2. Ef aðildarríkin heimila að teknar séu inn eignir eins og um getur í 1. mgr. skulu þau tryggja fjárfestavernd með því að krefjast þess að lánastofnanir gangi úr skugga um að þessar veðeignir uppfylli allar kröfur sem eru settar fram í 6. gr. Aðildarríkin skulu tryggja að þessar veðeignir veiti sambærilega vernd og veðeignir sem eru staðsettar í Sambandinu og þau skulu tryggja að lögum samkvæmt sé unnt að ganga að þessum veðeignum með samsvarandi áhrifum og þegar gengið er að veðeignum sem eru staðsettar í Sambandinu.

8. gr.

Fyrirkomulag safns sértryggðra skuldabréfa innan samstæðu

Aðildarríkin geta mælt fyrir um reglur sem varða notkun fyrirkomulags safns sértryggðra skuldabréfa innan samstæðu þar sem sértryggð skuldabréf sem lánastofnun, sem tilheyrir samstæðu, gefur út („sértryggð skuldabréf sem eru gefin út innan samstæðu“) eru notuð sem eignir í tryggingasafni fyrir útgáfu sértryggðra skuldabréfa utan samstæðu af hálfu annarrar lánastofnunar sem tilheyrir sömu samstæðu („sértryggð skuldabréf sem eru gefin út utan samstæðu“). Þessar reglur skulu a.m.k. fela í sér eftirfarandi kröfur:

- a) sértryggðu skuldabréfin sem eru gefin út innan samstæðu séu seld lánastofnuninni sem gefur út sértryggð skuldabréf utan samstæðu,
- b) sértryggðu skuldabréfin sem eru gefin út innan samstæðu séu notuð sem eignir í tryggingasafni í tryggingasafninu fyrir sértryggðu skuldabréfin sem eru gefin út utan samstæðu og eru skráð í efnahagsreikning lánastofnunarinnar sem gefur út sértryggðu skuldabréfin utan samstæðu,
- c) tryggingasafnið fyrir sértryggðu skuldabréfin sem eru gefin út utan samstæðu innihaldi aðeins sértryggð skuldabréf sem eru gefin út innan samstæðu sem stök lánastofnun innan samstæðunnar gefur út,
- d) lánastofnunin sem gefur út sértryggðu skuldabréfin utan samstæðu hyggist selja þau fjárfestum í sértryggðum skuldabréfum utan samstæðunnar,
- e) bæði skuldabréfin sem eru gefin út innan og utan samstæðu uppfylla skilyrði fyrir 1. lánshæfisþrep eins og um getur í þriðja hluta II. þáttar 2. kafla reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 þegar þau eru gefin út og eru tryggð með hæfum eignum í tryggingasafni eins og um getur í 6. gr. þessarar tilskipunar,
- f) þegar um ræðir fyrirkomulag safns sértryggðra skuldabréfa innan samstæðu yfir landamæri, uppfylli eignir í tryggingasafni sértryggðu skuldabréfanna sem eru gefin út innan samstæðu kröfur um hæfi og tryggingaþekju sértryggðra skuldabréfa sem eru gefin út utan samstæðu.

Lögbær yfirvöld sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr. geta, að því er varðar e-lið fyrstu undirgreinar þessarar greinar, heimilað að sértryggð skuldabréf sem uppfylla skilyrði fyrir 2. lánshæfisþrep í kjölfar breytingar sem leiðir til lægra lánshæfisþreps sértryggðu skuldabréfanna verði áfram hluti af fyrirkomulagi safns sértryggðra skuldabréfa innan samstæðu, að því tilskildu að þessi lögbæru yfirvöld komist að þeirri niðurstöðu að breytingin á lánshæfisþrepi sé ekki til komin vegna brots á kröfunum fyrir leyfi eins og sett er fram í ákvæðum landslaga sem lögleiða 2. mgr. 19. gr. Lögbær yfirvöld sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr. skulu því næst tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um allar ákvarðanir samkvæmt þessari undirgrein.

9. gr.

Sameiginleg fjármögnun

1. Aðildarríkin skulu heimila að hæfar eignir í tryggingasafni, sem eiga uppruna sinn í lánastofnun og sem lánastofnun, sem gefur úr sértryggð skuldabréf, hefur keypt, séu notaðar sem eignir í tryggingasafni fyrir útgáfu sértryggðra skuldabréfa.

Aðildarríkin skulu setja reglur um slík kaup til að tryggja að farið sé að kröfunum sem eru settar fram í 6. og 12. gr.

2. Aðildarríkin geta, með fyrirvara um kröfuna sem er sett fram í annarri undirgrein 1. mgr. þessarar greinar, heimilað millifærslur fyrir tilstilli samnings um fjárhagslega tryggingu samkvæmt tilskipun 2002/47/EB.

3. Aðildarríkin geta, með fyrirvara um kröfuna sem er sett fram í annarri undirgrein 1. mgr., einnig heimilað að eignir, sem áttu uppruna sinn í fyrirtæki sem er ekki lánastofnun, verði notaðar sem eignir í tryggingasafni. Ef aðildarríkin nýta sér þann möguleika skulu þau krefjast þess að lánastofnunin sem gefur út sértryggðu skuldabréfin annaðhvort meti lánveitingarstaðla fyrirtækisins þar sem eignirnar í tryggingasafninu eru upprunnar eða geri sjálf ítarlegt mat á lánshæfi lántakandans.

*10. gr.***Samsetning tryggingasafnsins**

Aðildarríkin skulu tryggja fjárfestavernd með því að mæla fyrir um reglur um samsetningu tryggingasafna. Í reglum þessum skulu, ef við á, sett fram skilyrði fyrir því að lánastofnanir sem gefa út sértryggð skuldabréf geti tekið með helstu eignir sem hafa ólík einkenni að því er varðar kerfislæga þætti, líftíma eða áhættusnið í tryggingasafnið.

*11. gr.***Afleiðusamningar í tryggingasafninu**

1. Aðildarríkin skulu tryggja fjárfestavernd með því að leyfa að afleiðusamningar séu aðeins teknir með í tryggingasafnið ef eftirfarandi kröfur, a.m.k., eru uppfylltar:

- a) afleiðusamningarnir séu eingöngu teknir með í tryggingasafnið vegna áhættuvarnar, umfang þeirra sé aðlagð komi til lækkunar áhættu sem varið er gegn og að þeir verði fjarlægðir þegar áhættuvarða áhættan er ekki lengur til staðar,
- b) afleiðusamningarnir séu nægilega skjalfestir,
- c) afleiðusamningarnir séu aðgreindir í samræmi við 12. gr.,
- d) ekki sé unnt að segja upp afleiðusamningunum við ógjaldfærni eða skilameðferð lánastofnunarinnar sem gefur út sértryggðu skuldabréfin,
- e) afleiðusamningarnir fari að reglunum sem mælt er fyrir um í samræmi við 2. mgr.

2. Aðildarríkin skulu, í þeim tilgangi að tryggja að farið sé að kröfunum sem eru taldar upp í 1. mgr., mæla fyrir um reglur fyrir afleiðusamninga í tryggingasafninu. Í reglum þessum skal tilgreina:

- a) hæfisviðmiðanir vegna mótaðila í áhættuvörnum,
- b) nauðsynleg skjöl sem ber að afhenda í tengslum við afleiðusamninga.

*12. gr.***Aðgreining eigna í tryggingasafni**

1. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um aðgreiningu eigna í tryggingasafni. Þessar reglur skulu a.m.k. fela í sér eftirfarandi kröfur:

- a) allar eignir í tryggingasafni séu ávallt auðgreinanlegar af hálfu lánastofnunarinnar sem gefur út sértryggðu skuldabréfin,
- b) allar eignir í tryggingasafni falli undir lagalega bindandi og framfylgjanlega aðgreiningu af hálfu lánastofnunarinnar sem gefur út sértryggðu skuldabréfin,
- c) allar eignir í tryggingasafni séu varðar fyrir hvers konar kröfum þriðja aðila og engin eign í tryggingasafni sé hluti af þrotabúi lánastofnunarinnar sem gefur út sértryggðu skuldabréfin þar til forgangskrafan sem um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr. hefur verið uppfyllt.

Eignirnar í tryggingasafninu skulu, að því er varðar fyrstu undirgrein, ná yfir allar tryggingar sem tekið er við í tengslum við stöður afleiðusamninga.

2. Aðgreining eigna í tryggingasafni sem um getur í 1. mgr. skal einnig gilda ef um er að ræða ógjaldfærni eða skilameðferð lánastofnunarinnar sem gefur út sértryggðu skuldabréfin.

*13. gr.***Eftirlitsaðili með tryggingasafninu**

1. Aðildarríkin geta krafist þess að lánastofnanir sem gefa út sértryggð skuldabréf skipi eftirlitsaðila tryggingasafns til að sinna viðvarandi eftirliti með tryggingasafninu að því er varðar kröfurnar sem eru settar fram í 6. til 12. gr. og 14. til 17. gr.

2. Ef aðildarríkin nýta sér þann möguleika sem kveðið er á um í 1. mgr. skulu þau mæla fyrir um reglur um a.m.k. eftirfarandi þætti:

- a) tilnefningu og brottvikningu eftirlitsaðila tryggingasafnsins,
- b) allar hæfisviðmiðanir fyrir eftirlitsaðila tryggingasafnsins,
- c) hlutverk og skyldur eftirlitsaðila tryggingasafnsins, þ.m.t. ef um er að ræða ógjaldfærni eða skilameðferð lánastofnunarinnar sem gefur út sértryggðu skuldabréfin,
- d) skylduna til að leggja skýrslu fyrir lögbær yfirvöld sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr.,
- e) réttinn til aðgengis að upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að rækja skyldur eftirlitsaðila tryggingasafnsins.

3. Ef aðildarríkin nýta sér þann möguleika sem kveðið er á um í 1. mgr. skal eftirlitsaðili tryggingasafnsins vera aðskilinn frá og óháður lánastofnuninni sem gefur út sértryggðu skuldabréfin og endurskoðanda þeirrar lánastofnunar.

Aðildarríkin geta þó heimilað eftirlitsaðila tryggingasafnsins sem er ekki aðskilinn frá lánastofnuninni („innri eftirlitsaðili tryggingasafnsins“) ef:

- a) innri eftirlitsaðili tryggingasafnsins er óháður lánsákvörðunarferli lánastofnunarinnar sem gefur út sértryggðu skuldabréfin,
- b) aðildarríkin tryggja, með fyrirvara um a-lið 2. mgr., að innri eftirlitsaðila tryggingasafnsins megi ekki leysa frá störfum sem eftirlitsaðili tryggingasafnsins án fyrirframsamþykkis stjórnar lánastofnunarinnar sem gefur út sértryggðu skuldabréfin í eftirlitshlutverki sínu, og
- c) innri eftirlitsaðili tryggingasafnsins hefur beinan aðgang að stjórninni í eftirlitshlutverki sínu, ef þess gerist þörf.

4. Ef aðildarríkin nýta sér þann möguleika sem kveðið er á um í 1. mgr. skulu þau tilkynna það Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni.

14. gr.

Upplýsingar fyrir fjárfesta

1. Aðildarríkin skulu tryggja að lánastofnanir sem gefa út sértryggð skuldabréf veiti upplýsingar um áætlanir sínar um sértryggð skuldabréf sem eru nægilega nákvæmar til að gera fjárfestum kleift að meta snið og áhættu þeirrar áætlunar og framkvæma áreiðanleikakönnun sína.

2. Aðildarríkin skulu, að því er varðar 1. mgr., tryggja að upplýsingarnar séu veittar fjárfestum a.m.k. á ársfjórðungsfresti og feli í sér eftirfarandi lágmarksupplýsingar um eignasafnið:

- a) virði tryggingasafnsins og útistandandi sértryggðra skuldabréfa,
- b) skrá yfir alþjóðleg auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer) fyrir allar útgáfur sértryggðra skuldabréfa samkvæmt þeirri áætlun, sem hafa fengið úthlutað ISIN-númeri,
- c) landfræðilega dreifingu og tegund eigna í tryggingasafni, stærð lána þeirra og matsaðferð,
- d) nánari upplýsingar í tengslum við markaðsáhættu, þ.m.t. vaxtaáhættu og gjaldmiðilsáhættu, og útlána- og lausafjáraáhættu,
- e) fyrirkomulag líftíma eigna í tryggingasafni og sértryggðra skuldabréfa, þ.m.t. yfirlit yfir kveikjuatburði sem hrinda af stað framlengingu á líftíma, ef við á,
- f) stig nauðsynlegrar og tiltækra tryggingarþekju og stig lögboðinnar, sammingsbundinnar og valkvæðrar yfirveðsetningar,
- g) hlutfall lána þar sem talið er að vanskil hafi orðið skv. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og, hvað sem öðru líður, ef lánin eru komin meira en 90 daga fram yfir gjalddaga.

Aðildarríkin skulu tryggja, að því er varðar sértryggð skuldabréf sem eru gefin út utan samstæðu í fyrirkomulagi safns sértryggðra skuldabréfa innan samstæðu eins og um getur í 8. gr., að upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, eða krækja í þær, séu veittar fjárfestum að því er varðar öll sértryggð skuldabréf sem eru gefin út innan samstæðunnar. Aðildarríkin skulu tryggja að þær upplýsingar séu a.m.k. veittar fjárfestum á samanteknu forni.

3. Aðildarríkin skulu tryggja fjárfestavernd með því að skylda lánastofnanir sem gefa út sértryggt skuldabréf til að birta á vefsetri sínu upplýsingarnar sem veittar eru fjárfestum í samræmi við 1. og 2. mgr. Aðildarríkin skulu ekki skylda þessar lánastofnanir til að birta þær upplýsingar í pappíriformi.

II. Þáttur

Kröfur um tryggingaþekju og lausafé

15. gr.

Kröfur um tryggingaþekju

1. Aðildarríkin skulu tryggja fjárfestavernd með því að krefjast þess að áætlanir um sértryggt skuldabréf uppfylli ávallt, a.m.k., kröfurnar um tryggingaþekju sem mælt er fyrir um í 2. til 8. mgr.
2. Allar skuldbindingar sértryggðu skuldabréfanna skulu tryggðar með kröfum um greiðslu sem tengdar eru eignum í tryggingasafni.
3. Skuldbindingarnar sem um getur í 2. mgr. skulu innihalda:
 - a) skyldur um greiðslu á höfuðstól útistandandi sértryggðra skuldabréfa,
 - b) skyldur um greiðslu á öllum vöxtum á útistandandi sértryggðum skuldabréfum,
 - c) greiðsluskyldu sem fylgir afleiðusamningum sem haldið er í samræmi við 11. gr., og
 - d) væntan kostnað sem tengist viðhaldi og umsýslu með slitum áætlunarinnar um sértryggt skuldabréf.

Aðildarríkin geta, að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar, heimilað útreikning í formi eingreiðslu.

4. Eftirfarandi eignir í tryggingasafni skulu teljast stuðla að því að uppfylla kröfuna um tryggingaþekju:
 - a) helstu eignir,
 - b) staðgöngueignir,
 - c) lausafjáreignir sem er haldið í samræmi við 16. gr., og
 - d) kröfur um greiðslu sem eru tengdar afleiðusamningum sem er haldið í samræmi við 11. gr.

Óveðrtryggðar kröfur þar sem litið er svo á að vanskil hafi átt sér stað skv. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 leggja ekki sitt af mörkum til þekju.

5. Aðildarríkin skulu, að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. og d-lið fyrstu undirgreinar 4. mgr., mæla fyrir um reglur um mat á afleiðusamningum.
6. Útreikningurinn á tryggingaþekjunni sem krafist er skal tryggja að samanlögð fjárhæð höfuðstóls allra eigna í tryggingasafni sé jöfn og eða hærri en samanlögð fjárhæð höfuðstóls útistandandi sértryggðra skuldabréfa („meginreglan um nafnvirði“).

Aðildarríkin geta heimilað aðrar meginreglur við útreikning, að því tilskildu að þær leiði ekki til herra hlutfalls þekju en þess sem er reiknað út samkvæmt meginreglunni um nafnvirði.

Aðildarríkin skulu kveða á um reglur um útreikning á öllum vöxtum til greiðslu að því er varðar útistandandi sértryggð skuldabréf og væntum vaxtatekjum að því er varðar eignir í tryggingasafni sem skulu endurspegla traustar varfærnisreglur í samræmi við gildandi reikningsskilastaðla.

7. Aðildarríkin geta, þrátt fyrir fyrstu undirgrein 6. mgr., á hátt sem endurspeglar traustar varfærnisreglur og samræmist gildandi reikningsskilastöðlum, heimilað að tekið verði tillit til vaxtatekna í framtíðinni af eignum í tryggingasafni að frádregnum vaxtagreiðslum í framtíðinni af viðkomandi sértryggðu skuldabréfi í því skyni að jafna út hvers kyns brest í þekju á greiðsluskyldu höfuðstólsins sem fylgir með sértryggða skuldabréfinu ef fyrir hendi er nán samsvörun eins og skilgreint er í gildandi framseldri reglugerð sem var samþykkt skv. 4. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:

- a) greiðslur sem tekið er við á líftíma eigna í tryggingasafninu og eru nauðsynlegar vegna þekju greiðsluskyldunnar sem tengist samsvarandi sértryggðu skuldabréfi séu aðgreindar í samræmi við 12. gr. eða séu í tryggingasafninu í formi eigna í tryggingasafni sem um getur í 6. gr. þar til greiðslurnar falla í gjalddaga, og
 - b) fyrirframgreiðsla eigna í tryggingasafninu er aðeins möguleg með því að nýta sér afhendingarkostinn, eins og skilgreint er í gildandi framseldri reglugerð sem var samþykkt skv. 4. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eða, ef um er að ræða sértryggð skuldabréf sem lánastofnunin sem gefur út sértryggðu skuldabréfin getur innkallað á nafnverði, með því að lántakandi eignanna í tryggingasafninu borgi a.m.k. nafnverð innkallaðs sértryggðs skuldabréfs.
8. Aðildarríkin skulu tryggja að útreikningurinn á eignum í tryggingasafni og skuldum byggist á sömu aðferð. Aðildarríkin geta heimilað aðrar aðferðir við útreikninginn á eignum í tryggingasafni annars vegar og skuldum hins vegar, að því tilskildu að notkun mismunandi aðferða leiði ekki til hærra hlutfalls þekju en þess sem reiknað er ef notuð er sama aðferð við útreikninginn á bæði eignum í tryggingasafni og skuldum.

16. gr.

Krafa um varaforða lauss fjár fyrir tryggingasafn

1. Aðildarríkin skulu tryggja fjárfestavernd með því að krefjast þess að tryggingasafnið feli ávallt í sér varaforða lauss fjár sem samanstandur af lausafjäreignum sem eru tiltækar til að tryggja hreint lausafjárústreymi áætlunarinnar um sértryggð skuldabréf.
2. Varaforði lauss fjár fyrir tryggingasafnið skal ná yfir samanlagt hreint hámarksústreymisflæði næstu 180 daga.
3. Aðildarríkin skulu tryggja að varaforði lauss fjár fyrir tryggingasafnið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar samanstandi af eftirfarandi tegundum eigna sem eru aðgreindar í samræmi við 12. gr. þessarar tilskipunar:
 - a) eignum sem uppfylla skilyrðin fyrir eignir á stigi 1, stigi 2A eða stigi 2B samkvæmt gildandi framseldri reglugerð sem var samþykkt skv. 460. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem eru metnar í samræmi við þá framseldu reglugerð og eru ekki gefnar út af hálfu lánastofnunarinnar sem gefur út sértryggðu skuldabréfin sjálfrar, móðurfélags hennar, nema það sé opinbert fyrirtæki sem er ekki lánastofnun, dótturfélags hennar eða annars dótturfélags móðurfélags hennar eða af hálfu sérstaks verðbréfunaraðila sem lánastofnunin hefur náin tengsl við,
 - b) skammtímaáhættuskuldbindingum vegna lánastofnana sem uppfylla skilyrði fyrir 1. eða 2. lánshæfisþrep eða skammtímainnlán til lánastofnana sem uppfylla skilyrði fyrir 1., 2. eða 3. lánshæfisþrep í samræmi við c-lið 1. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Aðildarríkin geta takmarkað þær tegundir lausafjäreigna sem verða notaðar að því er varðar a- og b-lið fyrstu undirgreinar.

Aðildarríkin skulu tryggja að óveðtryggðar kröfur vegna áhættuskuldbindinga sem litið er svo á að séu í vanskilum skv. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 geti ekki lagt sitt af mörkum til varaforða lauss fjár fyrir tryggingasafnsins.

4. Aðildarríkin geta, ef lánastofnanir sem gefa út sértryggð skuldabréf falla undir lausafjárkröfur sem eru settar fram í öðrum réttargerðum Sambandsins og leiða til skörunar við varaforða lauss fjár fyrir tryggingasafnið, ákveðið að beita ekki ákvæðum landslaga sem lögleiða 1., 2. og 3. mgr. fyrir tímabilið sem kveðið er á um í þeim réttargerðum. Aðildarríkin geta aðeins nýtt þann möguleika til þess dags þegar breytingar á þeim réttargerðum Sambandsins, sem miða að því að eyða sköruninni, ganga í gildi og þau skulu upplýsa framkvæmdastjórnina og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina þegar þau nýta sér þann möguleika.
5. Aðildarríkin geta heimilað að útreikningurinn á höfuðstól fyrir framlengjanlegt fyrirkomulag líftíma byggist á lokagjalddaga í samræmi við samningsskilmála og -skilyrði sértryggða skuldabréfsins.
6. Aðildarríkin geta kveðið á um að 1. mgr. gildi ekki um sértryggð skuldabréf sem falla undir kröfur um samhverfa fjármögnun.

*17. gr.***Skilyrði fyrir framlengjanlegt fyrirkomulag líftíma**

1. Aðildarríkin geta heimilað útgáfu sértryggðra skuldabréfa með framlengjanlegt fyrirkomulag líftíma þegar fjárfestavernd er tryggð með a.m.k. eftirfarandi:
 - a) líftímamann má aðeins framlengja á grundvelli hlutlægra kveikjuatburða sem eru tilgreindir í landslögum og ekki að geðþótta lánastofnunarinnar sem gefur út sértryggðu skuldabréfin,
 - b) kveikjuatburðirnir sem framlengja líftímamann eru tilgreindir í samningsskilmálum og -skilyrðum sértryggðra skuldabréfsins,
 - c) upplýsingarnar sem fjárfestar fá um fyrirkomulag líftímans eru nægilegar til að gera þeim kleift að ákvarða áhættuna sem tengist sértryggðra skuldabréfinu og inniheldur nákvæma lýsingu á:
 - i. kveikjuatburðum vegna framlengingar á líftíma,
 - ii. afleiðingunum sem ógjaldfærni eða skilameðferð lánastofnunarinnar sem gefur út sértryggðu skuldabréfin hefði á framlengingu á líftíma,
 - iii. hlutverki lögbærra yfirvalda sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr. og, ef við á, sérstaks stjórnanda að því er varðar framlengingu á líftíma,
 - d) ávallt er unnt að ákvarða lokagjalddaga sértryggðra skuldabréfsins,
 - e) komi til ógjaldfærni eða skilameðferðar lánastofnunarinnar sem gefur út sértryggðu skuldabréfin hefur framlenging á líftíma ekki áhrif á röðun fjárfesta í sértryggðum skuldabréfum eða snýr við upphaflegri áætlun um líftíma áætlunarinnar um sértryggð skuldabréf,
 - f) framlengingin á líftíma breytir ekki kerfislægum þáttum sértryggðra skuldabréfanna varðandi kerfi tvöfalds fullnusturéttar eins og um getur í 4. gr. og gjaldþrotsvernd eins og um getur í 5. gr.
2. Aðildarríkin sem heimila útgáfu sértryggðra skuldabréfa með framlengjanlegt fyrirkomulag líftíma skulu tilkynna það Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni.

III. BÁLKUR

OPINBERT EFTIRLIT MEÐ SÉRTRYGGÐUM SKULDABRÉFUM*18. gr.***Opinbert eftirlit með sértryggðum skuldabréfum**

1. Aðildarríkin skulu tryggja fjárfestavernd með því að kveða á um að útgáfa sértryggðra skuldabréfa falli undir opinbert eftirlit með sértryggðum skuldabréfum.
2. Aðildarríkin skulu, að því er varðar opinbert eftirlit með sértryggðum skuldabréfum sem um getur í 1. mgr., tilnefna eitt eða fleiri lögbær yfirvöld. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um þessi tilnefndu yfirvöld og tilgreina hvernig þau skipta með sér verkum og skyldum.
3. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. fylgist með útgáfu sértryggðra skuldabréfa til að meta hvort farið sé að kröfunum sem mælt er fyrir um í ákvæðum landslaga sem lögleiða þessa tilskipun.
4. Aðildarríkin skulu tryggja að lánastofnanir sem gefa út sértryggð skuldabréf skrái öll viðskipti sín í tengslum við áætlunina um sértryggð skuldabréf og hafi fullnægjandi og viðeigandi skráningarkerfi og -ferli.
5. Aðildarríkin skulu enn fremur tryggja að viðeigandi ráðstafanir séu fyrir hendi til að gera lögbærum yfirvöldum, sem hafa verið tilnefnd skv. 2. mgr. þessarar greinar, kleift að fá nauðsynlegar upplýsingar til að meta hvort farið sé að kröfunum sem mælt er fyrir um í ákvæðum landslaga sem lögleiða þessa tilskipun, rannsaka hugsanleg brot á þeim kröfum og leggja á stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir í samræmi við ákvæði landslaga sem lögleiða 23. gr.
6. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld sem eru tilnefnd skv. 2. mgr., búi yfir nauðsynlegri sérfræðipækkingu, tilföngum, rekstrarlegu hæfi, valdsviði og óhæði til að framkvæma verkefnið sem tengjast opinberu eftirliti með sértryggðum skuldabréfum.

19. gr.

Leyfi fyrir áætlanir um sértryggð skuldabréf

1. Aðildarríkin skulu tryggja fjárfestavernd með því að krefjast leyfis fyrir áætlun um sértryggð skuldabréf sem verður að afla áður en sértryggð skuldabréf eru gefin út samkvæmt þeirri áætlun. Aðildarríkin skulu veita lögbærum yfirvöldum, sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr., heimild til að veita slíkt leyfi.
2. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um kröfurnar fyrir leyfið sem um getur í 1. mgr. og sem fela a.m.k. í sér eftirfarandi:
 - a) fullnægjandi starfsáætlun þar sem útgáfu sértryggðu skuldabréfanna er lýst,
 - b) fullnægjandi stefnu, ferli og aðferðir sem miða að fjárfestavernd, að því er varðar samþykki, breytingar, endurnýjun og endurfjármögnun lána sem eru í tryggingasafninu,
 - c) stjórnendur og starfsmenn sem sinna einkum áætluninni um sértryggð skuldabréf og hafa til að bera fullnægjandi menntun og hæfi og þekkingu á útgáfu sértryggðra skuldabréfa og stjórnun áætlunarinnar um sértryggð skuldabréf,
 - d) stjórnarsýsluskipulag tryggingasafnsins og eftirlit með því sem uppfyllir allar gildandi kröfur sem mælt er fyrir um í ákvæðum landslaga sem lögleiða þessa tilskipun.

20. gr.

Opinbert eftirlit með sértryggðum skuldabréfum komi til ógjaldfærni eða skilameðferðar

1. Lögbær yfirvöld sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr. skulu starfa með skilastjórnvaldinu komi til skilameðferðar lánastofnunar sem gefur út sértryggð skuldabréf til að tryggja að réttindi og hagsmunir fjárfesta í sértryggðum skuldabréfum séu varðveittir, a.m.k. með því að sannreyna stöðuga og trausta stjórnun á áætluninni um sértryggð skuldabréf á meðan á skilameðferðinni stendur.
2. Aðildarríkin geta kveðið á um skipun sérstaks stjórnanda til að tryggja að réttindi og hagsmunir fjárfesta í sértryggðum skuldabréfum séu varðveittir, a.m.k. með því að sannreyna stöðuga og trausta stjórnun á áætluninni um sértryggð skuldabréf, svo lengi sem nauðsynlegt er.

Ef aðildarríkin nýta sér þann möguleika geta þau krafist þess að lögbær yfirvöld sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr. samþykki tilnefningu og brottvikningu sérstaka stjórnandans. Aðildarríkin sem nýta sér þennan möguleika skulu a.m.k. krefjast þess að haft verði samráð við þau lögbæru yfirvöld varðandi tilnefningu og brottvikningu sérstaka stjórnandans.

3. Ef aðildarríkin kveða á um skipun sérstaks stjórnanda í samræmi við 2. mgr. skulu þau samþykkja reglur þar sem kveðið er á um verkefni og skyldur þess sérstaka stjórnanda, a.m.k. í tengslum við:
 - a) greiðslu skulda sem fylgja sértryggðu skuldabréfunum,
 - b) stjórnun og innlausn eigna í tryggingasafni, þ.m.t. flutning þeirra ásamt skuldbindingum vegna sértryggðra skuldabréfa til annarrar lánastofnunar sem gefur út sértryggð skuldabréf,
 - c) lagalega viðskiptagerninga sem eru nauðsynlegir til viðeigandi stjórnunar tryggingasafnsins, til viðvarandi vöktunar tryggingaþekju þeirra skuldbindinga sem fylgja sértryggðu skuldabréfunum, til að hefja ferli til að ná eignum aftur inn í tryggingasafnið og til flutnings á þeim eignum sem eftir eru til þrotabús lánastofnunarinnar sem gaf út sértryggðu skuldabréfin þegar gengið hefur verið frá öllum skuldbindingum vegna sértryggðra skuldabréfa.

Aðildarríkin geta, að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar, heimilað sérstökum stjórnanda, komi til ógjaldfærni lánastofnunarinnar sem gefur út sértryggðu skuldabréfin, að starfa samkvæmt leyfi sem er í höndum þeirrar lánastofnunar, með fyrirvara um sömu rekstrarlegu kröfur.

4. Aðildarríkin skulu tryggja samræmingu og skipti á upplýsingum að því er varðar ógjaldfærni- eða skilameðferð milli lögbærra yfirvalda sem hafa verið tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr., sérstaks stjórnanda, ef slíkur stjórnandi hefur verið tilnefndur, og skilastjórnvaldsins, ef um er að ræða skilameðferð.

21. gr.

Skýrslugjöf til lögbærra yfirvalda

1. Aðildarríkin skulu tryggja fjárfestavernd með því að krefja lánastofnanir sem gefa út sértryggð skuldabréf um að tilkynna upplýsingarnar sem eru settar fram í 2. mgr. um áætlanir um sértryggð skuldabréf til þeirra lögbæru yfirvalda sem hafa verið tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr. Sú skýrslugjöf skal fara fram með reglulegu millibili, svo og að beiðni þessara lögbæru yfirvalda. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um tíðni þessarar reglubundu skýrslugjafar.
2. Í skýrslugjafarskyldunum, sem mælt verður fyrir um skv. 1. mgr., skal þess krafist að upplýsingarnar sem verða veittar feli a.m.k. í sér upplýsingar um eftirfarandi:
 - a) hæfi eigna og kröfur í tengslum við tryggingasafn í samræmi við 6. til 11. gr.,
 - b) aðgreiningu eigna í tryggingasafni í samræmi við 12. gr.,
 - c) starfsemi eftirlitsaðila tryggingasafnsins í samræmi við 13. gr., ef við á,
 - d) kröfur um tryggingaþekju í samræmi við 15. gr.,
 - e) varaforða lauss fjár fyrir tryggingasafnið í samræmi við 16. gr.,
 - f) skilyrði fyrir framlengjanlegt fyrirkomulag líftíma í samræmi við 17. gr., ef við á.
3. Aðildarríkin skulu kveða á um reglur um þær upplýsingar sem lánastofnanirnar sem gefa út sértryggð skuldabréf skulu veita skv. 2. mgr. lögbærum yfirvöldum sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr. komi til ógjaldfærni eða skilameðferðar lánastofnunar sem gefur úr sértryggð skuldabréf.

22. gr.

Valdheimildir lögbærra yfirvalda að því er varðar opinbert eftirlit með sértryggðum skuldabréfum

1. Aðildarríkin skulu tryggja fjárfestavernd með því að veita lögbærum yfirvöldum sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr. allar nauðsynlegar heimildir til eftirlits, rannsóknar og viðurlaga sem eru nauðsynlegar til að framkvæma opinbert eftirlit með sértryggðum skuldabréfum.
2. Valdheimildirnar sem um getur í 1. mgr., skulu a.m.k. fela í sér eftirfarandi:
 - a) heimild til að veita eða synja um leyfi skv. 19. gr.,
 - b) heimild til að endurskoða áætlunina um sértryggð skuldabréf með reglulegu millibili til að meta hvort farið sé að ákvæðum landslaga sem lögleiða þessa tilskipun,
 - c) heimild til að framkvæma vettvangsskoðanir og skoðanir utan vettvangs,
 - d) heimild til að leggja á stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir í samræmi við ákvæði landslaga sem lögleiða 23. gr.,
 - e) heimild til að samþykkja og setja eftirlitsviðmiðunarreglur í tengslum við útgáfu sértryggðra skuldabréfa.

23. gr.

Stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir

1. Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um réttindi aðildarríkjana að kveða á um refsiviðurlög, mæla fyrir um reglur sem koma á viðeigandi stjórnsýsluviðurlögum og öðrum stjórnsýsluráðstöfunum sem gilda a.m.k. við eftirfarandi aðstæður:
 - a) lánastofnun hefur öðlast leyfi fyrir áætlun um sértryggð skuldabréf með því að gefa rangar yfirlýsingar eða með öðrum óeðlilegum hætti,
 - b) lánastofnun uppfyllir ekki lengur þau skilyrði sem lágu til grundvallar leyfi fyrir áætlun um sértryggð skuldabréf,
 - c) lánastofnun gefur út sértryggð skuldabréf án þess að fá leyfi í samræmi við ákvæði landslaga sem lögleiða 19. gr.,

- d) lánastofnun sem gefur út sértryggt skuldabréf uppfyllir ekki skilyrðin sem eru sett fram í ákvæðum landslaga sem lögleiða 4. gr.,
- e) lánastofnun gefur út sértryggt skuldabréf sem uppfylla ekki kröfurnar sem eru settar fram í ákvæðum landslaga sem lögleiða 5. gr.,
- f) lánastofnun gefur út sértryggt skuldabréf sem eru ekki veðtryggt í samræmi við ákvæði landslaga sem lögleiða 6. gr.,
- g) lánastofnun gefur út sértryggt skuldabréf sem eru veðtryggt með eignum sem eru staðsettar utan Sambandsins í bága við kröfurnar sem mælt er fyrir um í ákvæðum landslaga sem lögleiða 7. gr.,
- h) lánastofnun veðtryggir sértryggt skuldabréf í fyrirkomulagi safns sértrygðra skuldabréfa innan samstæðu, í bága við kröfurnar sem mælt er fyrir um í ákvæðum landslaga sem lögleiða 8. gr.,
- i) lánastofnun sem gefur út sértryggt skuldabréf uppfyllir ekki skilyrði um sameiginlega fjármögnun sem mælt er fyrir um í ákvæðum landslaga sem lögleiða 9. gr.,
- j) lánastofnun sem gefur út sértryggt skuldabréf uppfyllir ekki kröfur um samsetningu tryggingasafnsins sem mælt er fyrir um í ákvæðum landslaga sem lögleiða 10. gr.,
- k) lánastofnun sem gefur út sértryggt skuldabréf uppfyllir ekki kröfur sem varða afleiðusamninga í tryggingasafninu sem mælt er fyrir um í ákvæðum landslaga sem lögleiða 11. gr.,
- l) lánastofnun sem gefur út sértryggt skuldabréf uppfyllir ekki kröfur um aðgreiningu eigna í tryggingasafni í samræmi við ákvæði landslaga sem lögleiða 12. gr.,
- m) lánastofnun sem gefur út sértryggt skuldabréf veitir ekki upplýsingar eða veitir ófullnægjandi eða ónákvæmar upplýsingar í bága við ákvæði landslaga sem lögleiða 14. gr.,
- n) lánastofnun sem gefur út sértryggt skuldabréf uppfyllir ítrekað eða þrálátlega ekki skyldu um að viðhalda varaförða lauss fjár fyrir tryggingasafn í bága við ákvæði landslaga sem lögleiða 16. gr.,
- o) lánastofnun sem gefur út sértryggt skuldabréf með framlengjanlegu fyrirkomulagi líftíma uppfyllir ekki skilyrðin fyrir framlengjanlegu fyrirkomulagi líftíma sem mælt er fyrir um í ákvæðum landslaga sem lögleiða 17. gr.,
- p) lánastofnun sem gefur út sértryggt skuldabréf veitir ekki upplýsingar eða veitir ófullnægjandi eða ónákvæmar upplýsingar um skuldbindingar sínar í bága við ákvæði landslaga sem lögleiða 2. mgr. 21. gr.

Aðildarríki geta ákveðið að kveða ekki á um reglur um stjórnásluviðurlög eða aðrar stjórnásluráðstafanir vegna brota sem falla undir refsiviðurlög samkvæmt landslögum þeirra. Aðildarríkin skulu, í slíkum tilvikum, tilkynna framkvæmdastjórninni um viðkomandi ákvæði refsiréttar.

2. Viðurlögin og ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif og skulu a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

- a) afturköllun leyfis fyrir áætlun um sértryggt skuldabréf,
- b) opinbera yfirlýsingu sem tilgreinir auðkenni einstaklingsins eða lögaðilans og eðli brotsins í samræmi við 24. gr.,
- c) skipun til einstaklingsins eða lögaðilans um að hætta framferðinu og endurtaka það ekki,
- d) stjórnáslulegar fjársektir.

3. Aðildarríkin skulu einnig tryggja að viðurlögum og ráðstöfunum sem um getur í 1. mgr. sé beitt á skilvirkan hátt.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld, sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr., taki tillit til allra viðeigandi, eftirfarandi aðstæðna þegar ákvörðun er tekin um tegund stjórnásluviðurlaga eða annarra stjórnásluráðstafana og fjárhæð stjórnáslufjársektar, ef við á:

- a) þess hversu alvarlegt brotið er og hversu lengi það hefur staðið yfir,
- b) umfangs ábyrgðar einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð á brotinu,
- c) fjárhagslegs styrks einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð á brotinu, þ.m.t. með vísan til heildarveltu lögaðila eða árstekna einstaklingsins,

- d) mikilvægis hagnaðar eða taps sem komist er hjá vegna brots einstaklingsins eða lögaðilans sem er ábyrgur fyrir brotinu, að svo miklu leyti sem mögulegt er að ákvarða þann hagnað eða tap,
- e) taps þriðju aðila vegna brotsins, að svo miklu leyti sem mögulegt er að ákvarða það tap,
- f) umfangs samvinnu einstaklingsins eða lögaðilans, sem ber ábyrgð á brotinu, við lögbæru yfirvöldin sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr.,
- g) fyrri brota einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð á brotinu,
- h) allra raunverulegra eða mögulegra kerfislægra afleiðinga af brotinu.

5. Aðildarríkin skulu, ef ákvæðin sem um getur í 1. mgr. gilda um lögaðila, einnig tryggja að lögbæru yfirvöldin sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr. beiti stjórnsluviðurlögum og öðrum stjórnsluráðstöfunum sem eru sett fram í 2. mgr. þessara greinar gagnvart stjórnarmönnum og öðrum einstaklingum sem bera ábyrgð á brotinu samkvæmt landslögum.

6. Aðildarríkin skulu tryggja að áður en þau taka ákvörðun um að beita stjórnsluviðurlögum eða öðrum stjórnsluráðstöfunum sem eru settar fram í 2. mgr. veiti lögbæru yfirvöldin sem voru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr. viðkomandi einstaklingi eða lögaðila tækifæri til að tjá sig. Undanþágur frá réttinum til að tjá sig geta gilt um samþykkt þessara annarra stjórnsluráðstafana ef brýnna aðgerða er þörf til að koma í veg fyrir verulegt tap þriðju aðila eða verulegan skaða á fjármálakerfinu. Í slíkum tilvikum skal gefa viðkomandi aðila tækifæri til að tjá sig eins fljótt og auðið er eftir að stjórnsluráðstöfunin hefur verið samþykkt og, ef nauðsyn krefur, skal endurskoða þá ráðstöfun.

7. Aðildarríkin skulu tryggja að allar ákvarðanir um að beita stjórnsluviðurlögum eða öðrum stjórnsluráðstöfunum eins og sett er fram í 2. mgr. séu vel rökstuddar og falli undir rétt til áfrýjunar.

24. gr.

Birting stjórnsluviðurlaga og annarra stjórnsluráðstafana

1. Aðildarríkin skulu tryggja að ákvæði landslaga sem lögleiða þessa tilskipun feli í sér reglur um að skylt sé að birta stjórnsluviðurlög og aðrar stjórnsluráðstafanir, án ótilhlýðilegrar tafar, á opinberu vefsetri lögbæru yfirvaldanna sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr. Sömu skyldur gilda ef aðildarríki ákveður að kveða á um refsiviðurlög samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 23. gr.
2. Í reglunum sem eru samþykktar skv. 1. mgr. skal þess a.m.k. krafist að birtar séu allar ákvarðanir sem ekki er unnt að áfrýja eða ekki lengur unnt að áfrýja og sem voru samþykktar vegna brota á ákvæðum landslaga sem lögleiða þessa tilskipun.
3. Aðildarríkin skulu tryggja að slík birting feli í sér upplýsingar um gerð og eðli brotsins og auðkenni á þeim einstaklingi eða lögaðila sem beittur er viðurlögunum eða ráðstöfuninni. Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um 4. mgr., enn frekar tryggja að slíkar upplýsingar séu birtar án ótilhlýðilegrar tafar eftir að viðtakandi hefur verið upplýstur um þau viðurlög eða ráðstöfun, svo og um birtingu ákvörðunarinnar, sem leggur á þau viðurlög eða ráðstöfun, á opinberu vefsetri lögbæru yfirvaldanna sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr.
4. Lögbæru yfirvöldin sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr. skulu, án ótilhlýðilegrar tafar, einnig birta á opinberu vefsetri sínu upplýsingar um stöðu áfrýjunar og niðurstöðu hennar, þegar aðildarríki heimila birtingu ákvörðunar sem leggur á viðurlög eða aðrar ráðstafanir meðan á áfrýjun stendur.
5. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr. birti ákvörðunina sem leggur á viðurlög eða ráðstafanir undir nafnleynd og í samræmi við landslög í einhverjum af eftirfarandi aðstæðum:
 - a) þegar viðurlögunum eða ráðstöfuninni er beitt gagnvart einstaklingi og birting persónuupplýsinga telst ekki í réttu hlutfalli við tilefnið,
 - b) þegar birting myndi stofna stöðugleika fjármálamarkaða eða yfirstandandi rannsókn sakamáls í hættu,
 - c) þegar birting myndi valda, að því marki sem hægt er að ákvarða slíkt, hlutaðeigandi lánastofnunum eða einstaklingum óhóflegum skaða.

6. Þegar aðildarríki birtir ákvörðun sem leggur á viðurlög eða ráðstöfun undir nafnleynd getur það heimilað að birtingu viðeigandi gagna verði frestað.
7. Aðildarríkin skulu tryggja að allir endanlegir dómsúrskurðir sem ógilda ákvörðun sem leggur á viðurlög eða ráðstöfun séu einnig birtir.
8. Aðildarríkin skulu tryggja að allt birt efni sem um getur í 2. til 6. mgr. sé aðgengilegt á opinberu vefsetri þeirra lögbæru yfirvalda sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr. í a.m.k. fimm ár frá birtingardegi. Persónuupplýsingar sem birtar eru skulu eingöngu vera á opinberu vefsetri eins lengi og nauðsynlegt er og í samræmi við gildandi reglur um persónuvernd. Slíkt frestunartímabil skal ákvarðað að teknu tilliti til fyrningarfrests sem kveðið er á um í lögum viðkomandi aðildarríkja en það skal ekki vera lengra en tíu ár.
9. Lögbæru yfirvöldin sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr. skulu tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um öll álögð stjórnarsýsluviðurlög og aðrar stjórnarsýsluráðstafanir, þ.m.t., ef við á, allar áfrýjanir þar að lútandi og niðurstöður þeirra. Aðildarríkin skulu tryggja að þessi lögbæru yfirvöld fái upplýsingar og frekari gögn um endanlegan dóm í tengslum við hugsanleg refsiviðurlög sem beitt er og að þessi lögbæru yfirvöld sendi þau til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar.
10. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal viðhalda miðlægu gagnasafni um stjórnarsýsluviðurlög og aðrar stjórnarsýsluráðstafanir sem henni berast. Gagnasafn það skal aðeins aðgengilegt lögbærum yfirvöldum sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr. og skal uppfæra það á grundvelli upplýsinga sem þessi lögbæru yfirvöld afhenda í samræmi við 9. mgr. þessarar greinar.

25. gr.

Samstarfsskyldur

1. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbæru yfirvöldin sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr. starfi náið með lögbærum yfirvöldum sem hafa almennt eftirlit með lánastofnunum í samræmi við viðeigandi lög Sambandsins um þær stofnanir og með skilastjórnvaldinu komi til skilameðferðar lánastofnunar sem gefur úr sértryggt skuldabréf.
2. Aðildarríkin skulu enn fremur tryggja að lögbæru yfirvöldin sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr. starfi náið saman. Það samstarf skal fela í sér að þau veiti hvert öðru allar upplýsingar sem skipta máli fyrir eftirlitsstarf hinna yfirvaldanna samkvæmt ákvæðum landslaga sem lögleiða þessa tilskipun.
3. Aðildarríkin skulu, að því er varðar annan málslíð 2. mgr. þessarar greinar, tryggja að lögbær yfirvöld sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr. miðli:
 - a) öllum viðeigandi upplýsingum að beiðni annars lögbærs yfirvalds sem er tilnefnt skv. 2. mgr. 18. gr., og
 - b) að eigin frumkvæði, öllum mikilvægum upplýsingum til annarra lögbærra yfirvalda sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr. í öðrum aðildarríkjum.
4. Aðildarríkin skulu einnig tryggja að lögbær yfirvöld sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr. starfi með Evrópsku banka- eftirlitsstofnuninni eða, ef við á, Evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), sem var komið á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010⁽¹⁸⁾, að því er varðar þessa tilskipun.
5. Að því er varðar þessa grein skal telja upplýsingar mikilvægar ef þær gætu haft veigamikil áhrif á matið á útgáfu sértryggtu skuldabréfanna í öðru aðildarríki.

26. gr.

Birtingarkröfur

1. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr. birti eftirfarandi upplýsingar á opinberu vefsetri sínu:

⁽¹⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

- a) texta landslaga þeirra, reglugerða og stjórnsýslureglna og almennar leiðbeiningar sem hafa verið samþykktar í tengslum við útgáfu sértryggðra skuldabréfa,
 - b) skrá yfir lánastofnanir sem hafa leyfi til að gefa út sértryggð skuldabréf,
 - c) skrá yfir sértryggð skuldabréf sem hafa rétt á að nota merkimiðann „evrópskt sértryggt skuldabréf“ og skrá yfir sértryggð skuldabréf sem hafa rétt á að nota merkimiðann „evrópskt sértryggt skuldabréf (úrvals)“.
2. Upplýsingarnar, sem birtar eru í samræmi við 1. mgr., skulu vera fullnægjandi til þess að unnt sé að gera markvissan samanburð á aðferðunum sem lögbær yfirvöld mismunandi aðildarríkja, sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr., hafa tileinkað sér. Þær upplýsingar skulu uppfærðar til að taka mið af öllum breytingum.
3. Lögbæru yfirvöldin sem er tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr. skulu árlega tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um skrána yfir lánastofnanir sem um getur í b-lið 1. mgr. og skrána yfir sértryggðu skuldabréfin sem um getur í c-lið 1. mgr.

IV. BÁLKUR

MERKINGAR

27. gr.

Merkingar

1. Aðildarríkin skulu tryggja að merkimiðinn „evrópskt sértryggt skuldabréf“ og opinber þýðing hans á öll opinber tungumál í Sambandinu sé aðeins notaður um sértryggð skuldabréf sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í ákvæðum landslaga sem lögleiða þessa tilskipun.
2. Aðildarríkin skulu tryggja að merkimiðinn „evrópskt sértryggt skuldabréf (úrvals)“ og opinber þýðing hans á öll opinber tungumál í Sambandinu sé aðeins notaður um sértryggð skuldabréf sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í ákvæðum landslaga sem lögleiða þessa tilskipun og sem uppfylla kröfurnar í 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2160 ⁽¹⁹⁾.

V. BÁLKUR

BREYTINGAR Á ÖÐRUM TILSKIPUNUM

28. gr.

Breyting á tilskipun 2009/65/EB

Ákvæðum 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað fyrstu undirgreinar kemur eftirfarandi:

„4. Aðildarríkin geta hækkað 5% hámarkið sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 1. mgr. í 25% hið mesta fyrir skuldabréf sem voru gefin út fyrir 8. júlí 2022 og uppfylltu kröfurnar sem eru settar fram í þessari málsgrein og voru í gildi á útgáfudegi eða þegar skuldabréf falla undir skilgreininguna á sértryggðum skuldabréfum í 1. lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2162 (*).“

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2162 frá 27. nóvember 2019 um útgáfu sértryggðra skuldabréfa og opinbert eftirlit með sértryggðum skuldabréfum og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB og 2014/59/ESB (Stjttíð. ESB L 328, 18.12.2019, bls. 29).“

- 2) Þriðja undirgrein fellur brott.

⁽¹⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2160 frá 27. nóvember 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar áhættuskuldbindingar í formi sértryggðra skuldabréfa (Stjttíð. ESB L 328, 18.12.2019, bls. 1)

29. gr.

Breyting á tilskipun 2014/59/ESB

Í stað 96. liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB kemur eftirfarandi:

„96. „sértryggt skuldabréf“: sértryggt skuldabréf eins og það er skilgreint í 1. lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2162 (*) eða, að því er varðar gerning sem var gefinn út fyrir 8. júlí 2022, skuldabréf eins og um getur í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB (**), eins og við átti á útgáfudegi þess,

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2162 frá 27. nóvember 2019 um útgáfu sértryggðra skuldabréfa og opinbert eftirlit með sértryggðum skuldabréfum og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB og 2014/59/ESB (Stjútíð. ESB L 328, 18.12.2019, bls. 29).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnslu-fyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjútíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).“

VI. BÁLKUR

LOKAÁKVÆÐI

30. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Aðildarríkin skulu tryggja að sértryggð skuldabréf sem eru gefin út fyrir 8. júlí 2022 og uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB, eins og við átti á útgáfudegi þeirra, falli ekki undir kröfurnar sem eru settar fram í 5. til 12. gr. og 15., 16., 17. og 19. gr. þessarar tilskipunar, en áfram má vísa til þeirra sem sértryggðra skuldabréfa í samræmi við þessa tilskipun þar til þau falla í gjalddaga.

Aðildarríkin skulu tryggja að lögbæru yfirvöldin sem eru tilnefnd skv. 2. mgr. 18. gr. þessarar tilskipunar hafi eftirlit með því að sértryggð skuldabréf sem eru gefin út fyrir 8. júlí 2022 fari að kröfunum sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB, eins og við átti á útgáfudegi þeirra, svo og að kröfum þessarar tilskipunar, að því leyti sem þær eiga við í samræmi við fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

2. Aðildarríkin geta beitt 1. mgr. gagnvart opinni útgáfu sértryggðra skuldabréfa sem falla undir ISIN-kóða sem var opnaður fyrir 8. júlí 2022, í allt að 24 mánuði eftir þann dag, að því tilskildu að þær útgáfur samræmist öllum eftirfarandi kröfum:

- a) gjalddagi sértryggða skuldabréfsins sé fyrir 8. júlí 2027,
- b) heildarstærð opnu útgáfunnar eftir 8. júlí 2022 sé ekki meiri en tvöföld samanlögð stærð útgáfu sértryggðu skuldabréfanna sem er útstandandi á þeim degi,
- c) heildarstærð útgáfu sértryggða skuldabréfsins á gjalddaga sé ekki meiri en 6 000 000 000 evra eða sambærileg fjárhæð í innlendum gjaldmiðli,
- d) veðeignirnar séu staðsettar í aðildarríkinu sem beitir 1. mgr. gagnvart opnum útgáfum sértryggðra skuldabréfa.

31. gr.

Endurskoðun og skýrslur

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 8. júlí 2024 og í nánu samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögu að nýrri löggjöf, ef við á, um hvort og, ef svo, hvernig unnt sé að innleiða jafngildisfyrirkomulag fyrir lánastofnanir í þriðja landi sem gefa út sértryggð skuldabréf og fyrir fjárfesta í þeim sértryggðu skuldabréfum, að teknu tilliti til alþjóðlegrar þróunar á sviði sértryggðra skuldabréfa, einkum þróunar lagaramma í þriðju löndum.

2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 8. júlí 2025 og í nánú samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd þessarar tilskipunar að því er varðar stig fjárfestaverndar og um þróun varðandi útgáfu sértryggðra skuldabréfa í Sambandinu. Skýrslan skal innihalda tilmæli um frekari aðgerðir. Í skýrslunni skulu vera upplýsingar um:

- a) þróun sem varðar fjölda leyfa til að gefa út sértryggð skuldabréf,
- b) þróun sem varðar fjölda sértryggðra skuldabréfa sem eru gefin út í samræmi við ákvæði landslaga sem lögleiða tilskipun þessa og 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- c) þróun sem varðar eignirnar sem tryggja útgáfu sértryggðra skuldabréfa,
- d) þróun sem varðar stig yfirveðsetningar,
- e) fjárfestingar í sértryggðum skuldabréfum yfir landamæri, þ.m.t. fjárfestingar frá þriðju löndum og fjárfestingar í þriðju löndum,
- f) þróun sem varðar útgáfu sértryggðra skuldabréfa með framlengjanlegu fyrirkomulagi líftíma,
- g) þróun sem varðar áhættu og ávinning af notkun áhættuskuldbindinga eins og um getur í 1. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- h) virkni markaða fyrir sértryggð skuldabréf.

3. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 8. júlí 2024, senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um þau atriði sem eru tilgreind í 2. mgr.

4. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 8. júlí 2024, eftir að hafa pantað og mótttekið rannsókn þar sem mat er lagt á áhættu og ávinning af sértryggðum skuldabréfum með framlengjanlegu fyrirkomulagi líftíma og eftir að hafa ráðfært sig við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, samþykkja skýrslu og skal leggja þá rannsókn og þá skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögu að nýrri löggjöf, ef við á.

5. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 8. júlí 2024, samþykkja skýrslu um að innleiða gerning með kerfi tvöfalda fullnusturéttar sem kallast tryggðar evrópskar skuldaviðurkenningar. Framkvæmdastjórnin skal leggja þá skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögu að nýrri löggjöf, ef við á.

32. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 8. júlí 2021, samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum eigi síðar en frá 8. júlí 2022.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

33. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

34. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 27. nóvember 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

D. M. SASSOLI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

T. TUPPURAINEN

forseti.
